



"Ársfundir Alþýðusambands Íslands hafa á annan áratug samþykkt áskoranir á stjórnvöld að fullgilda ILO-samþykkt nr. 158. Þrátt fyrir áskoranir þessara fjölmennu samtaka, en í Alþýðusambandinu eru um hundrað þúsund manns, skella stjórnvöld skollæyrum við þeim."

## Réttindaleysi launafólks

Á undanförunum þremur kjörtímabilum hafa stjórnvöld dregið á langinn að leggja fyrir Alþingi til fullgildingar ILO samþykkt nr. 158, en í henni eru reglur sem segja til um hvernig atvinnurekendur skuli standa að uppsögnunum starfsfólks.

Ymis stórfyrirtæki, s.s. ÍSAL hafa notfært sér þetta og vísað fólki úr starfi án ástæðu. Hvað réttindaleysi launafólks varðar þá líkist Ísland sífellt meira þeim ríkjum sem sniðganga almenn mannréttindi og láta sig litlu varða atvinnuöryggi þegna sinna. Lagaleg réttindi launafólks hér á landi eru með þeim lélegustu í V-Evrópu og því mjög brýnt að sett verði lög sem tryggja því eðlileg réttindi m.a. við uppsagnir úr starfi.

### Atvinnuöryggi

Í samþykkt Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar (ILO) nr. 158, sem 33 ríki víðsvegar í heiminum hafa fullgilt, er einmitt að finna ákvæði sem tryggja launafólki réttindi ef til uppsagna kemur. Þar segir m.a.: „Atvinnurekandi skal ekki segja starfsmanni upp starfi nema til þess sé gild ástæða í sambandi við hæfni eða hegðun starfsmanns, eða uppsögnin sé sannanlega byggð á rekstrarlegum ástæðum

fyrirtækisins, stofnunarinnar eða þjónustunnar.“

### Stjórnunarréttur ?

Það er kaldranaleg staðreynd að ríki sem þekkt eru fyrir einræðishneigð og takmörkuð mannréttindi, s.s. Jemen og Tyrkland o.fl. skuli hafa fullgilt fyrrgreinda samþykkt fyrir mörgum árum en hér á landi er henni kastað á milli stofnana. Eins og áður segir þá notfæra atvinnurekendur sér þetta ástand og reka fólk úr starfi án þess að hægt sé

að merkja að einhver eðlileg ástæða liggja þar að baki og Samtök atvinnulífsins kalla þetta „eðlilegan stjórnunarrétt.“ Að dómi okkar í HÍF er ekkert eðlilegt við það að reka fólk úr starfi án þess að eðlileg ástæða fyrir því sé fyrir hendi.

Síðla vetrar í fyrra sendi þáverandi félagsmálaráðherra ILO-samþykktina til Háskólans á Bifröst í Borgarfirði til umsagnar. Síðan hefur HÍF ekkert af henni frétt.

Hvort nýleg innkoma Samfylkingarinnar í ríkisstjórn verði til þess að Alþingi fullgilda fyrrgreinda samþykkt er ennþá ekki ljóst en þingmenn eru hér með minntir á að það er löngu orðið tímabært.

## Efnisyfirlit

Séreignarsjóður .....	.bls. 3
Hin duldu gjöld fasteigna ..	.bls. 4
ILO-samþykkt .....	.bls. 5
Orlofshús Hlífar .....	.bls. 6
Sögusýning .....	.bls. 9
1. maí ávarp .....	.bls. 11
Ræða dagsins 1. maí ....	.bls. 12
Skýrsla stjórnar .....	.bls. 16
100 ára afmæli Hlífar ....	.bls. 26
Tilraunanámskeið .....	.bls. 28
Vorskýrsla hagdeildar ASÍ	.bls. 31
Kjaramál .....	.bls. 32
Aðalfundur Hlífar .....	.bls. 33
Sjúkkrasjóður Hlífar .....	.bls. 35
Kjarasamningar lausir ...	.bls. 37
Laun embættismanna ....	.bls. 38

# Mér finnst eðlilegt að traustir viðskiptavinir fá betri kjör – það finnst bankanum mínum líka

Það er bara einn þeirra fjölmörgu kosta sem ég nýt í Vörðunni.

Það hefur sannarlega sína kosti að vera í Vörðunni, vildarþjónustu Landsbankans. Við berum traust til viðskiptavina okkar og leyfum þeim að njóta ávinnings af því með fyrirgreiðslu og auknum sveigjanleika til að haga lífi sínu að vild. Það gerum við meðal annars með því að bjóða Vörðufélögum 15% afslátt af þóknun við kaup í sjóðum Landsbankans.

GOTT FOLK HEÐAN



**Landsbankinn**  
Banki allra landsmanna

410 4000 | [landsbanki.is](http://landsbanki.is)

Njóttu þess að vera í Vörðunni



Myndin er af samkomu sem haldin var þegar Félag eldri borgara í Hafnarfirði fékk til afnota neðri hæð Hlífarhússins á Flatahrauni 3

# Greiðir þú í séreignarsjóð?

## Lífeyrismálin eru hluti af fjármálum okkar alla starfsævina!

Lífeyrismálin eru stór hluti af fjármálum einstaklinga og því ættum við að gefa okkur tíma til að skoða þessi mál og kynna okkur réttindi okkar og möguleika til að auka þau með t.d. séreignarlífeyrissparnaði. Séreignarlífeyrissparnaður er tækifæri sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara. Mótframlag launagreiðanda og hagstæðar skattareglur gera

þennan sparnað að hagstæðasta sparnaði sem völ er á og mun í framtíðinni draga verulega úr þeim breytingum sem verða við starfslok, þeim breytingum sem verða við það að fara af fullum tekjum á vinnumarkaði. Tækifærin liggja líka í því að geta tekið séreignina út á ákveðnum árafjölda eftir 60 ára aldur.

## Hvenær er hagkvæmast að fá séreign greidda út?

Við þessu er ekkert eitt svar. Þetta er afar einstaklingsbundið og mjög

mikilvægt að fólk skoði lífeyrismál sín tímanlega og út frá þeim þáttum sem geta haft áhrif. Meginreglan er sú að réttthafi getur hafið úttekt á séreignarsparnaði sínum þegar hann hefur náð 60 ára aldri en þó ekki fyrr en 2 árum eftir fyrstu innborgun. Inni-stæðan er greidd út með jöfnum greiðslum á árunum fram að 67 ára aldri. Ef hins vegar inni-stæðan er undir ákveðnu lágmarki, sem í dag er um 770.000 kr. er heimilt að dreifa útborguninni á skemmri tíma. Við 67 ára aldur er hægt að fá inni-stæðna greidda út í einu lagi eða dreifa henni óháð upphæð inneignar. Ákveðið samspil er milli tekna fólks og lífeyrisgreiðslna frá Tryggingastofnun. Því er í flestum tilvikum heppilegast að taka sparnaðinn út fyrir 67 ára aldurinn. Þetta er þó mjög einstaklingsbundið og háð þeim tekjum eða lífeyri sem hver og einn hefur eftir

að 67 ára aldri er náð. Einnig ber að hafa í huga aðra þætti sem einnig hafa áhrif á greiðslur frá Tryggingastofnun eins og fjármagnstekjur og tekjur maka.

Um síðustu áramót tók gildi breyting á lögum um almannatryggingar þess eðlis að lífeyrisþegar sem taka út séreignarsparnað sinn geta óskað eftir því hjá Tryggingastofnun ríkisins að dreifa áhrifum þessara tekna á allt að 10 ár. Með þessari breytingu er verið að koma til móts við þá sem eru 67 ára og eldri og eiga inni séreignarsparnað. Hver og einn verður þó að meta það hvort það er til bóta fyrir hann að nýta sér þessa dreifingu því eins og að ofan greinir er það mjög einstaklingsbundið hver lífeyrisréttur hvers og eins er hjá Tryggingastofnun.

*Bjarney Sigurðardóttir*



**SKRIFSTOFA**  
Verkalýðsfélagsins  
**HLÍFAR**  
Reykjavíkurvegi 64

**Opnunartími:**  
Mánudaga til föstudaga  
frá kl. 09:00 til 16:30  
Sími: 555 0944  
Fax: 565 4055

**Útgefandi:** Verkalýðsfélagið Hlíf  
**Ábyrgðarmaður:**  
Sigurður T. Sigurðsson  
**Hönnun:**  
Betri Stofan: Sími: 511 4545  
Fálkakrauni 9 - 220 Hafnarfjörður

# Hin duldu gjöld við fasteignakaup

Sú er þetta ritar hefur undanfarið verið að leita að húsnæði. Henni hættir til hvatvísi og vill helst enda hverja skoðun á íbúð með orðunum : „Já takk, við tökum þessal!“ Sem betur fer er þó haldið kyrfilega í skottið á henni enda að mörgu að huga við fasteignakaup og ýmislegt óvænt sem skýtur upp kollinum. Verður hér dregið á því helsta og fólk hvatt til að stíga varlega til jarðar í þessum efnunum.

## Vextir og verðbætur

Fæstir kaupendur draga upp úr vasanum búnt af seðlum svo yfirleitt eru fasteignakaup fjármögnuð með lánsfé. Því miður eru lán ekki ókeypis eða veitt af góðmennskunni einni saman. Ef miðað er við 18 milljón króna lán með föstum vöxtum til 40 ára er algengt að vaxtabyrðin yfir tímabilið nemi 22-24 milljónum. Og þá eru verðbæturnar eftir! Miðað við 3% verðbólgu (sem varla er ofátælað) geta greiðslur vegna verðbóta orðið á mótá háar og vextirnir. Og því miður eru laun okkar fæstra verðtryggð. Svo er vitanlega hægt að taka lán í erlendri mynt, óverðtryggð lán, lán með breytilegum vöxtum eða lán til skemmri tíma. Fólk er eindregið hvatt til að kynna sér alla möguleika vel áður en lánið er tekið! En eins og þetta sé ekki nóg þá eru ýmis önnur gjöld sem leggjast á kaupendur fasteigna.

## Lántökugjöld

Lánastofnanir virðast ekki of sælar af vöxtunum og verðbótunum heldur bætist lántökugjald við. Það er yfirleitt nálægt einu prósentu af láninu og leiðir til þess

## Stimpilgjald vegna kaupsamnings

Eftir að kaupsamningur hefur verið gerður þarf að þinglýsa honum hjá sýslumanni og greiða stimpilgjald sem nemur 0,4% af fasteignamati



Miðað við 18 milljón króna lán og íbúð sem er að fasteignamati 25 milljónir geta gjöld, sem kaupandi þarf að punga út við kaupin, numið a.m.k. hálfri milljón. Þó er ótalið svokallað umsýslugjald fasteignasala sem getur numið tugum þúsunda enda umfjöllun um það efni í annan pistil.

að lánið fæst ekki allt greitt út heldur er lántökugjaldið dregið frá. Þessar upphæðir virðast sakleysislegar á að líta en þó er mikilvægt að taka tillit til þeirra þegar kauptilboð er gert enda fjárhagslegt svigrúm fólks sem stendur í flutningum og fjárfestingum oft lítið. Þá getur verið dýrt spaug að fjármagna það sem upp á vantar með yfirdráttarlánunum svo að fólk er hvatt til að kynna sér vel um hvaða gjöld er að ræða og gera ráð fyrir þeim.

eignar. Virðist nú ekki mikið en ef miðað er við eign sem er með fasteignamat upp á 25 milljónir er þessi litla tala orðin að 100 þúsund krónum.

## Stimpilgjald vegna lána

Þegar lánað er gegn veði í fasteign þarf að fara með lánskjalið til sýslumanns og þinglýsa því á eignina. Þá þarf enn að greiða stimpilgjald til sýslumanns og nú að upphæð 1,5%. Þessir peningar renna í ríkissjóð og eru í raun bara skattur sem leggst á lán-

takendur. Sé enn miðað við 18 milljón króna lán er þessi upphæð 270 þúsund krónur enda bregður mörgum hressilega þegar farið er með skjöl til þinglýsingar. Jafnframt þarf að greiða þinglýsingargjald en það er raunar smáaurar miðað við ofantalin gjöld.

Miðað við 18 milljón króna lán og íbúð sem er að fasteignamati 25 milljónir geta ofantalin gjöld, sem kaupandi þarf að punga út við kaupin, numið a.m.k. hálfri milljón. Er þó ótalið svokallað umsýslugjald fasteignasala sem getur numið tugum þúsunda enda umfjöllun um það efni í annan pistil.

Að lokum má svo minna á það að eftir að kaupin eru gerð er ekki nóg að eiga fyrir afborgunum, heldur fylgja fasteignum ýmis önnur föst gjöld. Má hér nefna fasteignagjöld (sem algengt er að séu um 10-15 þúsund kr. á mánuði), iðgjöld af lögboðnum tryggingum og gjöld í hússjóð en þau geta verið allt frá 0 kr. ef um einbýli er að ræða og upp í 15-20 þúsund kr. á mánuði (t.a.m. ef þrif á stigagangi eru aðkeypt og bílageymsla fylgir eigninni). Þetta þarf allt að hafa í huga þegar greiðslugeta er áætluð.

*Greinin er eftir Hildigunni Hafsteinsdóttur, stjórnanda Leiðbeininga- og kvörtunarþjónustu Neytendasamtakanna.*

*Birtist í Viðskiptablaðinu 2. maí 2007*

# ILO-samþykkt nr. 158

## Flutt á ársfundum ASÍ 2006

Á annan áratug hafa ársfundir og þing Alþýðusambandsins látið frá sér fara ályktanir, þar sem skorað er á Alþingi að fullgilda ILO samþykkt nr. 158. Þrátt fyrir þessar marg ítrekuðu viljayfirlýsingar hefur forusta ASÍ ekki staðið sig í því að fylgja málinu eftir, utan einu sinni á síðast liðnum vetri að forseti og varaforseti ASÍ gengu á fund Árna Magnússonar, félagsmálaráðherra og kynntu honum málið. Árni sagði af sér skömmu síðar. Það er ömurleg staðreynd að fjórir félagsmálaráðherrar, þeir Páll Pétursson, Árni Magnússon, Jón Kristjánsson og Magnús Stefánsson, hafa allir reynt að teyja sem

mest fyrir því að málið væri sent Alþingi til umfjöllunar. Valdimar L. Friðriksson, alþingismaður, bar fram fyrirspurn um málið á Alþingi síðast liðinn vetur. Þá upplýsti Jón Kristjánsson, að hann hefði sent ILO-samþykktina upp á Bifröst í Borgarfirði til umsagnar. Þetta var aðferð ráðherrans til að teyja málið enn frekar.



**33 ríki innan Sameinuðu þjóðanna hafa fullgilt ILO nr. 158.** Þetta þýðir þó ekki að

öll önnur ríki sniðgangi uppsagnarréttindi launafólks því mörg vestræn ríki hafa sömu ákvæði í lögum sínum og ILO nr. 158 inniheldur.

Þau Ingibjörg og Grétar inn til Árna gengu og ILO samþykkt sýndu en svörin engin fengu. Og þar sem að þau ekki af Árna meira fréttu ofan í skúffu aftur þau ILO-samþykkt settu.

Hann bað því fólk á Bifröst að bjarga sínu skinni með álitserð og umsögn á ILO-samþykktinni. Hann taldi stöðu sína sjálfsagt eitthvað betri með opinbera greinargerð frá grónu fræðasetri.

Því hef ég núna ákveðið ályktun að flytja með áskorun til Alþingis og allra sem þar sitja, að strax á þessu þingi þau verði gerð að lögum, ákvæðin sem eru í ILO samningsdrögum.

Þar lá hún gleymd og grafin og gulnuð undir borði og engin minntist á hana einu litlu orði, uns umræður á Alþingi á ILO aftur minnti er einn af okkar þingmönnum eftir henni innti.

En ILO álitserðin var ekki nærri búin er Jón í óðagoti úr embætti var flúinn. Því líkt og Árni áður hann allt í einu hætti. Úr forustu hjá Framsókn hann flóttamanni bætti.

En ársfund alþýðunnar ætla ég að biðja, af öllu sínu afli, þá ályktun að styðja og ýta vel á eftir að inn á þing hún nái og eðlilega umfjöllun á Alþingi svo fá.

Hann vildi fá að vita hver vilji til þess væri að umdeild ILO-samþykkt inn í þingið færi. Hvort stjórnarliðið styddi og staðfesta það vildi að ILO-reglur öðlist íslenskt lagagildi.

Skarð hans fljótt þó fyllti, í félagsráðuneyti, maður að nafni Magnús, mig minnir að hann heiti. Hans afstaða er augljós í öllu þessu máli, hann apar bara eftir þeim Árna, Jón og Páli.

Bragurinn er eftir ritstjóra Hjálms Sigurð T. Sigurðsson

En Jón hinn svifaseini, sem sat þar fyrir svörum, hann mannréttindi metur með mörgum fyrirvörum. Ákvæðin í ILO hann ofrausn telur vera þó sjálfur þyrði ekki í því neitt að gera.

En oní skúffu ennþá menn ILO samþykkt geyma, sem bæði menn í miðstjórn og Magnús vilja gleyma og verður eflaust áfram uns einhver skar af tekur og menn til meðvitundar í miðstjórninni vekur.



**GAFLINN**  
VEISLUÞJÓNUSTA

# Orlofshús Hlífar

## Sumarhús og orlofsíbúðir



Hús Hlífar í Ölfusborgum

Hlíf á tvö sumarhús í Ölfusborgum, tvö í Vaðnesi og eitt í Húsafells-

Ölfusborgarhúsin eru nýtekin í gegn, endurnýjuð að innan sem utan

Par er nú komin hitaveita en áður var það hitað upp með rafmagni.

Íbúðirnar á Akureyri eru í góðu ástandi. Kom-ið hafa fram hugmyndir um stækkun svala og gerð nýrrar íbúðar í stað geymslu og þvottaherbergis á neðri hæð blokkarinnar að Furulundi 8. Áætlaður kostnaður er um ein milljón

króna á hverja íbúð.

### **Orlofshús á La Marína á Spáni sumarið 2007**

Nú í sumar er félagið með orlofshús í La Marína á Spáni til leigu fyrir félagsmenn sína. Leigutímabilið er tvær vikur í senn, frá föstudegi til föstudags.



Kjarbraut í Vaðnesi

skógi í Borgarfirði. Einnig á félagið þrjár íbúðir á Akureyri, sem allar eru staðsettar í Furulundi, ein í Furulundi 8, en hinar tvær í Furulundi 10. Leiga fyrir húsin og íbúðirnar er sú sama og var síðastliðið sumar.

og bætt við þau 12 ferm. sólstofum.

Húsin í Vaðnesi eru í mjög góðu ástandi og vandamálið með vöntun á heitu og köldu vatni á að heyra sögunni til.

Húsið í Húsafellsskógi var allt endurnýjað í vor.

### **Ströndin á La Marína**



## Nýtt orlofshús

Þann 16. apríl sl. keypti Hlíf nýtt, tæplega fokhelt sumarhús, sem verður fullgert hér í Hafnarfirði og síðan flutt upp í Úthlíð í Árnassýslu þar sem félagið á lóð sem húsið fer á.



Einarsstaðir

Húsið er um 64 ferm. að stærð með stórum palli þar sem komið verður fyrir heitum potti. Vonir standa til að öllum frágangi við smíði hússins verði lokið í október n.k.

og það verði tilbúið til leigu næsta vor.

## Einarsstaðir

Annað árið í röð verður félagið með orlofshús í boði fyrir félagsmenn sína á Einarsstöðum. Húsið er 45 fermetrar

með þremur svefnherbergjum og rúmstæði fyrir 8 manns. Tvíbreitt rúm með koju í tveimur herbergjum og tvær kojur í einu her-

bergi. Borðbúnaður er fyrir tíu manns. Í hverju húsi er m.a. kæliskápur, pottar og pönnur, örbylgjuofn, sjónvarp, útvarp og kolagrill. Þá er hægt að fá lánað barnarúm, barnastóla og aukadýnur hjá umsjónarmanni.

## Staðsetning:

Einarsstaðir eru staðsettir um 11 km. frá Egilsstöðum, svo að segja mitt á milli Egilsstaða og Hallormsstaða.



## Umsjónarmaður:

Aðsetur umsjónarmanns er í húsi nr. 32 á orlofs-

svæðinu og þar eru afhentir lykklar.

Símanúmer hjá umsjónarmanni er 861-8310 og 471-1734

## Lín og handklæði:

Lín (sængurver, koddaver og lök) er hægt að fá leigt hjá umsjónarmanni sem og handklæði. Lín kostar 500 kr. á mann og eru stór handklæði leigð á kr. 200 en lítil á kr. 100.

## Leiga:

Vikuleiga kostar kr. 15.000,- Leigutímabilið er frá 2. júní til 1. september. Húsið leigist viku í senn frá föstudegi til föstudags.

Leigutaki getur nálgast lykla á komudegi frá kl. 16:00 til kl. 21:00. Skila þarf húsinu eigi síðar en kl. 12:00 á brottfarardegi.

## Almennur kjarasamningur

# Orlofsuppbót

Starfsfólk, sem hefur áunnið sér fullan orlofsrétt, með starfi hjá sama vinnuveitanda næstliðið orlofsár og er í starfi í síðustu viku apríl eða í fyrstu viku maí, skal við upphaf orlofstöku eða eigi síðar en 15. ágúst fá greidda sérstaka eingreiðslu, orlofsuppbót, kr. 23.000 á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2007, miðað við fullt starf, en hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma. Fullt starf telst í

þessu sambandi 45 unnar vikur eða meira fyrir utan orlof. Orlofsuppbót er föst tala og tekur ekki launabreytingum skv. öðrum ákvæðum.

Láti starfsmaður af störfum vegna aldurs eða eftir 12 vikna samfelldt starf á orlofsárinu, skal hann við starfslok fá greidda orlofsuppbót vegna áunnins tíma m.v. starfshlutfall og starfstíma.

Sama gildir þótt starfs-

maður sé frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu vinnuveitanda lýkur eða vegna lögbundins fæðingarorlofs. Á orlofsuppbót greiðist ekki orlof.

Fjarvistir vegna fæðingarorlofs eða þegar kona þarf af öryggisástæðum að leggja niður störf á meðgöngutíma:

Eftir eins árs starf hjá sama vinnuveitanda teljast fjarvistir vegna lög-

bundins fæðingarorlofs til starfstíma við útreikning desember- og orlofsuppbótar. Sama gildir ef kona þarf af öryggisástæðum að leggja niður störf á meðgöngutíma, sbr. reglugerð um ráðstafanir til þess að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir konur sem eru þungaðar, hafa nýlega alið barn eða hafa barn á brjósti.

## Almennur kjarasamningur

# Vikulegir frídagar og hlé

### **Vikulegur frídagur**

Á hverju sjö daga tíma-bili skal starfsmaður hafa a.m.k. einn vikulegan frídag sem tengist beint daglegum hvíldartíma og skal við það miðað að vikan hefjist á mánudegi.

### **Frestun á vikulegum frídegi**

Að svo miklu leyti sem því verður við komið skal vikulegur frídagur vera á sunnudegi og að svo miklu leyti sem því verður við komið, skulu allir þeir sem starfa hjá

sama fyrirtæki eða á sama fasta vinnustað, fá frí á þeim degi. Þó má fyrirtæki með samkomulagi við starfsmenn sína fresta vikulegum frídegi, þar sem sérstakar ástæður gera slík frávík nauðsynleg. Sé sérstök þörf á að skipuleggja vinnu þannig að vikulegum frídegi sé frestað skal um það gerður kjarasamningur. Má þá haga töku frídaga þannig að teknir séu tveir frídagar saman aðra hverja helgi (laugardag og sunnu-

dag). Falli frídagar aftur á móti á virka daga vegna ófyrirséðra orsaka skerðir það ekki rétt starfsmanna til fastra launa og vaktaálags.

### **Hlé**

Starfsmaður á rétt á a.m.k. 15 mínútna hléi ef daglegur vinnutími hans er lengri en sex klst. Kaffi- og matarhlé teljast hlé í þessu sambandi.

Hvað varðar gildissvið, hvíldartíma, vinnuhlé og fleira vísast til samnings

ASÍ og VSÍ frá 30. desember 1996 um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma og fylgir samningi þessum sem fylgiskjal og telst hluti hans sem og samhljóða samnings ASÍ og VMS.

Framangreind ákvæði eru til fyllingar 13. gr. þess samnings. Jafnframt falli niður samkomulag um framkvæmd hvíldartíma- og frítímaákvæða laga nr. 46/1980, dags. 10.4. 1981.

## Fæðingargjöf

Allt frá árinu 1931 höfum við gefið öllum börnum sem búsett eru á starfssvæði okkar fæðingargjöf – bundna sparisjóðsbók með inneign sem nemur nú 10.000 kr. Þannig viljum við eiga þátt í að leggja grunn að fyrsta sparnaði barnsins.

Komdu í heimsókn til okkar og þú færð sparibank handa barninu þínu. Við tökum vel á móti þér.



BYR - sparisjóður | Sími 575 4000 | [www.byr.is](http://www.byr.is)







# HLÍF

## 100 ára



# Sögu sýning

Í tilefni af aldarafmæli Verkalýðisfélagsins Hlífar opnaði félagið í byrjun maí sl. sýningu á strandstígnum við Fjarðargötuna. Sýningin, sem var unnin í samvinnu við Byggðasafn Hafnarfjarðar, segir frá baráttu verkafólks og sögu félagsins í máli og myndum allt frá aldamótunum 1900 og stofnun Hlífar 1907 til dagsins í dag.

Þar segir m.a. frá kjörum og aðbúnaði verkafólks í Hafnarfirði áður en félagið var stofnað. Síðan er sagt frá stofnun Hlífar, fyrsta kjarasamningnum sem félagið gerði, fyrstu vinnustöðvun íslenskra verkafólks fyrir orlofi og stofnun lífeyrissjóða o.fl.

Í fyrstu lotu voru búin til 30 spjöld með myndum

og textum sem rekja sögu Hlífar. Spjöldunum er stillt þannig upp við göngustíginn að byrjað er að segja söguna vestast við Fjarðargötuna, en endað suður við Dröfn.

Vegna vöntunar á myndum við hæfi náðist ekki að fullgera 5 af þeim 35 spjöldum sem félagið hafði í huga að hafa á sýningunni, sem opnuð var í byrjun maí sl. Í lok

maí var búið að fullvinna hugmyndir að þessum spjöldum og verður þeim skotið inn í sýninguna ef aðstæður leyfa. Áætlað er að sýningin verði þarna út júní og jafnvel lengur.



## HAFNARFJARÐARHÖFN

### PORT OF HAFNARFJÖRÐUR

# 1. maí



## hátíðarhöldin í

### Hafnarfirði

Nokkru fyrir kl. 13:30 fór fólk að safnast saman á bílastæðinu fyrir framan bæjarskrifstofurnar og var hópurinn orðinn allstór þegar gangan hófst kl. 14. Það var þó nokkur vindur og leit út sem að færi að rigna. Eins og á fyrsta maí í fyrra var gengið upp



...á Strandgötunni

Reykjavíkurvegin, Hverfisgötu, Smyrlahraun, Arnarhraun, Sléttahraun, Flatahraun að Hraunseli, þar sem hátíðar- og kröfufundur var haldinn.

Það voru Verkalýðsfélagið Hlíf, Starfsmannafélag Hafnarfjarðar og Sjómannafélag Hafnarfjarðar. Verslunarmannafélag

Að þessu sinni stóðu einungis þrjú félög að kröfugöngunni og hátíðarhöldunum 1. maí.



...fyrir framan Hraunsel

...á Reykjavíkurveginum

Hafnarfjarðar var ekki með en það sameinaðist Verslunarmannafélagi Reykjavíkur á síðasta ári. Fundarstjóri var Steinunn Þorsteinsdóttir.

1894 samþykktu verslunarmenn í Reykjavík að taka sér frídag í ágúst ár hvert. Næstu 40 árin var frídagurinn á ýmsum

#### 1. maí Baráttudagur verkafélks,

1. maí, var samþykktur sem slíkur á alþjóðlegri ráðstefnu verkalýðsfélaga sem haldinn var í París 1889. Fyrsta kröfugangan sem gengin var héraðs á 1. maí var gengin í Reykjavík 1923. 1. maí var síðan löggildur sem frídagur 4. maí 1966. (sjá lög nr. 39)

**Frídagur  
verslunarmanna**  
Þann 13. september



...á Flatahrauninu

dögum í ágúst, þó aðallega 2. ágúst. Núgildandi regla er að frídagurinn skuli vera fyrsta mánudag í ágúst er frá 1933, en hann var síðan löggildur 1983.



...snemma beygist krókurinn

# 1. maí ávarp verkalýðsfélaganna í Hafnarfirði

Almennir launataxtar verkalýðsfélaganna hafi ekki haldið í við þær miklu hækkanir sem orðið hafa á vöru- og þjónustuverði hérlendis og langt frá því að þeir dugi fyrir eðlilegri framfærslu. Allur kostnaður í heimilisrekstri hefur vaxið umfram hækkanir á samningsbundnum launum verkalýðsfélaganna. Þessu til viðbótar hefur íbúðarhúsnæði hér á höfuðborgarsvæðinu margfaldast í verði og kostnaður af lánum og viðhaldi fasteigna hækkað samkvæmt því. Þegar svo vaxtahækkunar og óðaverðbólga bætist ofan á allt saman er ekki von á góðu. Lágmarks dagvinnulaun, sem nú eru kr. 125.000 á mánuði, duga einstaklingi

hvergi nærri til framfærslu, hvað þá heldur ef hann hefur fyrir fjölskyldu að sjá. Samt eru þessi undirmálsalaun skattlögð eins og laun sem eru tíu til tuttugu sinnum hærri. Launamisréttið er slíkt að ekki verður lengur við unað. Lágu launin verða að hækka og þau á ekki að skattleggja. Lágmarkstekjur einstaklings mega ekki vera undir kr. 170.000 á mánuði ef hann á að geta lifað eðlilegu lífi.

Núverandi stjórnarflokkar hæla sér af því að þeir hafi lækkað skatta á almennum launatekjum og þess vegna hafi almenningur úr meiru að spila. Þetta eru vítaverð ósannindi, sem auðvelt er að hrekja. Hið sanna er að skattar hafa stórlækkað á hátekjufólki. Þeir hafa einnig lækkað á millitekjufólki. Aftur á móti hafa þeir þyngst verulega á láglaunafólki. Niðurfelling 7% hátekjuskatts og lækkun á tekjuskatti um 4 prósentustig kom hátekju- og millitekjufólki til góða. Til þess að létta skattbyrði láglaunafólks verður hins vegar að hækka skattleysismörkin. Þau eru nú kr. 90.000 á mánuði en verða að fara vel yfir kr. 130.000 til að halda í við launa- og verðlagsþróunina í landinu.

Verkalýðsfélögin telja þessa fjandsamlegu afstöðu núverandi stjórnvalda til launafólks vítaverða og krefjast þess að sú ríkisstjórn sem tekur við að loknum kosningum 12. maí n.k. hækki skattleysismörkin þannig að þau verði aldrei lægri en lágmarksalaun aðila vinnumarkaðarins.

Réttindaleysi launafólks við uppsagnir úr starfi er blettur á þjóðfélaginu, sem stjórnvöld eiga sem fyrst að afmá með því að fullgilda samþykkt nr. 158 sem Alþjóðavinnumálastofnunin (ILO) sendi frá sér 1982. Þessa bráðnauðsynlegu réttarbót launafólks hafa stjórnvöld ekki viljað ræða og gera allt sem þau geta til þess að hún komi ekki til umræðu á Alþingi. Í íslensk lög vantar ákvæði þess efnis að ekki megi

segja fólki upp störfum að ástæðulausu. Einnig vantar í lög ákvæði sem banna uppsagnir t.d. vegna kynferðis, kynþáttar, stjórnmálaskoðanna eða trúarbragða. Öll þessi ákvæði eru í ILO-nr. 158.



Karólína Sif flutti 1. maí ávarpið

Verkalýðsfélögin átelja núverandi stjórnvöld að tefja fyrir því að ILO-nr. 158 komi til umræðu inn á Alþingi. Félagin benda á þann tvískinnung sem er í íslenskum lögum. Á annan veginn eru embættismenn ríkisins með sérsniðin uppsagnarákvæði og á hinn veginn réttindalaus almúginn.

Verkalýðsfélögin skora á þá ríkisstjórn sem tekur við eftir kosningarnar 12. maí n.k. að sjá til þess að ILO-nr. 158 fari til umræðu inn á Alþingi, þar sem þau mæli með löggildingu hennar.

Gildistímar kjarasamninga verkalýðsfélaganna í Hafnarfirði eru mismunandi, allt frá árslokum 2007 til ársloka 2008. Í viðræðum um endurnýjun þessara kjarasamninga ætla verkalýðsfélögin sér að ná því fram að launin hækki í takt við þær miklu hækkanir sem orðið hafa í rekstrarkostnaði heimila og skrifa ekki undir nýja kjarasamninga nema í þeim felist veruleg hækkun launa ásamt skattalækkunum.

## **Félögin leggja megin áherslu á:**

- Að skattleysismörk fylgi lágmarksalaunum.
- Að Alþingi löggildi ILO nr. 158.
- Að hætt verði að leggja skatt á forvarnarsstyrki sem launafolk fær úr sjúkrasjóðum verkalýðsfélaga.
- Að íslenska ríkið gefi láglaunafólki kost á ódýrum félagslegum leiguíbúðum.

Verði þeir flokkar, sem taka við völdum í landinu eftir alþingiskosningarnar í vor, við sama heygardshornið í neikvæðri afstöðu sinni til láglaunafólks eins og núverandi stjórnarflokkar, þá getur dregið til alvarlegra tíðinda á vinnumarkaðinum. Eitt er víst að kaup ófaglærðs fólks verður að hækka verulega og kjör þess að batna umtalsvert. Þetta á jafnt við fólk sem vinnur á almennum vinnumarkaði eins og þá sem starfa hjá ríki og sveitarfélögum.

Félagar! Við skulum búa okkur undir harðan slag. Við höfum dregist aftur úr í launum og réttindi okkar hafa verið fyrir borð borin. Ef við stöndum saman getum við breytt þessu og rétt hlut okkar, því sameinaðir stöndum við en sundraðir föllum við!



Sigurður Bessason  
formaður Eflingar - stéttarfélags

## 1. maí hátíðarhöldin í Hafnarfirði

# Ræða dagsins

### Ræðumaður dagsins var Sigurður Bessason, formaður Eflingar

Góðir fundarmenn, til hamingju með 1. maí - baráttudag launafólks. Við lifum á merkum tímamótum. Á þessu ári átti Verkamannafélagið Hlíf, nú Verkalýðsfélagið Hlíf, aldarafmæli. Dagsbrún hefði náð þeim áfangi á síðasta ári ef ekki hefði komið til sameiningar fimm stéttarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu í Eflingu - stéttarfélag.

Saman mynduðu þessi tvö félög brjóstvörn íslenskrar verkalýðshreyfingar í upphafi síðustu aldar. Réttlætiskennindin var drifkrafturinn. Samstaðan var lykill að árangri. Langur vinnudagur og mjög bág kjör urðu þessu fátæka fólki hvatning til að berjast út úr örbirgðinni. Við getum séð myndina af atvinnulífinu á þessum tíma í nýútkominni bók um Verkamannafélagið Dagsbrún.

Hér í Hafnarfirði og í Reykjavík unnu konur og óharðnaðir unglingar við hliðina á fullhörnuðum karlmönnum við uppskipun og kolaburð. Þetta þótti vel við hæfi. Það þótti líka sjálfsgat að konur væru á mun lægri launum en karlar.

Áður en Vökulögin komu til sögunnar þótti líka eðlilegt að sjómennirnir á fiskiskipunum stæðu í aðgerð þar til þeir sofnuðu á dekkinu með hnífana í höndunum.

Því rifja ég þetta upp hér í dag að í árdaga verkalýðshreyfingarinnar var römm taugin á milli verkafólks í Hafnarfirði og Reykjavík. Við lærðum snemma að samstaðan veitir okkur ómetanlegan styrk.

Samstaðan þekkir nefnilega engin landamæri sem betur fer. Hún hefur fylgt Hlíf og Dagsbrún og síðar Eflingu inn í nýja tíma. En það er langt síðan atvinnurekendur áttuðu sig einnig á mikilvægi samvinnunnar í eigin röðum. Atvinnulífið á sér nefnilega ekki landamæri heldur. Það skiptir því miklu máli á höfuðborgarsvæðinu í dag að atvinnurekendum sé vel ljóst að þeir mæta sameinaðri verkalýðshreyfingu hvar sem þeir kjósa að setja niður verkstöðvar sínar og fyrirtæki. Stéttarfélagin hafa ekki og munu ekki líða það að ójöfnuður og ranglæti nái að þrífast í skjóli stærðar vinnumarkaðarins.

Þess vegna er áfram mikilvægt að Hlíf í Hafnarfirði og Efling-stéttarfélag vinni saman jafn náð og þau hafa gert undanfarna áratugi. Sameiginlegur kjarasamningur og sameiginlegt fræðslustarf félaganna hafa þar skapað grundvöll til góðrar framtíðar.

#### **Góðir áheyrendur!**

Eftir rétta 12 daga göngum við Íslendingar til kosninga. Það er stundum sagt að verkalýðshreyfingin sé ekki pólitísk lengur. Þar höfum við foringjarnir engar grimmar skoðanir eins og forðum daga þegar verkalýðshreyfingin var samtvinnuð pólitískri baráttu jafnaðarmanna. Það er að vissu marki rétt. Við erum ekki flokkspólitískt afl. Engu að síður eru þau stefnumál sem verkalýðshreyfingin stendur fyrir flest ef ekki öll tengd stjórnmalabaráttunni hvort sem okkur líkar það betur eða verr. Það sem mestu skiptir nú fyrir þróun landsmála á næstu mánuðum er staða efnahagsmála. Þau koma öllum við hvort sem þeir hugsa í flokkum eða málefnum. Það efast

enginn lengur um að sú þensla sem ríkt hefur í landinu undanfarin ár er þjóðarbúinu skaðleg. Hún gengur einnig gegn hagsmunum launafólks. Undanfarin misseri hefur hún étið upp stóran hluta ávinningsins sem við ella hefðum fengið sem kaupmáttarauka síðustu kjarasamninga. Hún rífur stöðugt niður það sem við erum að reyna að byggja upp. Húseignir og byggingalóðir hafa rokið upp úr öllu valdi. Húsaleiga hefur tvöfaldast frá árinu 2000. Íbúðalánasjóður og bankarnir hafa keppt um hylli lántakenda með þeim afleiðingum að launamaðurinn tapaði. Lána- og vaxtakjör almennings eru þannig að ungt eignalítið fólk á mun erfiðara með en áður að eignast þak yfir höfuðið. Vaxtabyrðin og verðtrygging lána þýðir að ekkert má út af bera fyrir þá sem eru með lánin í botni.

Þetta er sú staða sem stjórnvöld hafa búið til. Það dapurlega er að hún var fyrirjáanleg. Verkalýðshreyfingin reyndi hvað eftir annað að koma í veg fyrir þessa þróun. Það var bara engu tauti komið

við þá stjórnámamenn sem farið hafa með pólitísk völd hér á síðustu árum. Á 1. maí er gott að staldra við og horfa fram á við en einnig til baka. Þegar litið er til baka til þeirra varnaðarorða sem féllu við upphaf Kárahnjúkavirkjunar, þá er ljóst að eitt er orð en annað efndir. Framkvæmdagleðin hefur sannarlega borið fyrirhyggjuna ofurlíði. Stjórnvöldum var vel ljóst að miklar framkvæmdir á sama tíma og þessi mikla uppbygging ætti sér stað myndi framkalla ruðningsáhrif gagnvart öðrum atvinnugreinum. Samt tóku þau stefnuna á botnlausu þenslu þar sem lífið var dregið úr öðrum fyrirtækjum í hefðbundnum greinum og nývaxtar- og sprotafyrirtæki hafa ekki náð að skjóta rótum í þessu ástandi.

Allt launafólk þekkir svo vel framhaldið. Norðurálsstækkun, Reyðarálsverksmiðjan, gríðarlegar framkvæmdir á vegum Orkuveitu Reykjavíkur á Hellisheiði og hitaveitu Suðurnesja á Svartsengi. Framkvæmdir við tónlistahúsið, miklar vegaf framkvæmdir og svo mætti lengi telja.

### **Nýjar stórfamkvæmdir**

Við í verkalýðshreyfingunni höfum alltaf lagt mikla áherslu á vinnu fyrir alla. Það blasir við öllum að framundan er mikið framkvæmdaskeið. Þar tala menn um álver í Helguvík, Húsavík, Þorlákshöfn að frátöldu álverinu í Straums-

vík. Einnig um Sunda-brautina, tvöföldum á Suður- og Vesturlandsvegi ásamt fjölda annarra framkvæmda í vegamálum. Framkvæmdir í orkuverum og línuvirkjum vegna raforkuöflunar fyrir álverin, bæði gufu- og vatnsaflsvikjanir eru á dagskránni. Þess utan er ótrúlegur fjöldi bygginga af öllum stærðum og



gerðum á framkvæmdarstigi á öllu höfuðborgarsvæðinu.

Er þá ekki allt í góðu lagi? Nei, það er galli á gjöf Njarðar. Eins og ríkisstjórnin hélt á málum á síðasta kjörtímabili og eins og stjórnaflokkarnir tala í dag virðast stóru ákvarðanirnar um framkvæmdir og framkvæmdartíma ekki verða teknar inn á borð ríkisstjórnarinnar. Það er eins og ríkisstjórnin sé búin að setja stjórn lykilmála í hendurnar á öðrum. Áfram á að viðhalda heimagerðri þenslu sem mun bitna á öllu launafólki ef ekkert verður að gert.

Við krefjumst þess að framkvæmdum verði dreift á lengri tíma bæði til þess að minnka þensluna og eins til að

skapa störf fyrir sem flesta yfir sem lengstan tíma.

Rangar ákvarðanir nú, í efnahagsmálum geta haft slæmar afleiðingar inn í nánustu framtíð. Við köllum því eftir efnislegri umræðu í aðdraganda komandi kosninga hvornig stjórnámamenn ætla að stýra þeim stórfamkvæmdum sem falla undir ríki og sveitarfélög

þannig að hægt sé að viðhalda ákveðnum stöðugleika. En nú er staðan sú að launafólk finnur fyrir vaxandi greiðslubyrði lána vegna allt of hárrar verðbólgu. Þess vegna verður nú að slá á þensluna og skapa hér jafnvægi í efnahagsmálum á ný.

Þenslan kemur ekki af hinnum ofan, hún er mannanna verk.

### **Lærum af sögunni**

Í viðtölum við innflytjendur kemur fram að heima við hafi þeir búið við lág laun og erfiðar aðstæður. Það hafi legið að baki þegar þeir tóku ákvörðun um að flytja til Íslands. Heima sé talað um að á Íslandi sé næga vinnu að hafa og landið sé eitt af Norðurlöndunum. Þar séu launakjör góð, velferð mikil og gott

fólk heim að sækja.

Á hvað minnir þetta okkur. Upp í hugann koma Vesturferðir Íslendinga í lok 19. aldar sem varð mikil blóðtaka fyrir Ísland en mikil lyftistöng fyrir Kanada þar sem landar okkar settust að. Það sama má segja um tímabilið 1970-1980 en þá hurfu margir launamenn til Svíþjóðar til að vinna þar í skipasmíðastöðvum. Margir komu heim aftur en aðrir settust þar að og aðlöguðust sænsku þjóðfélagi til framtíðar.

Þetta er einmitt sú staða sem nú er komin upp hér á landi. Hún er að mestu leyti jákvæð. Hér á landi eru nú tækifæri sem ekki voru fyrir hendi fyrir fáeinum árum. Erlent launafólk kemur hingað vegna þess orðspors sem af Íslandi fer. Hér er mikla vinnu að hafa. Innflytjendur telja sig hafa miklu betri launakjör en í heimalandi sínu og þeir telja að hér sé gott að búa. Við megum samt ekki gleyma því að sá hópur útlendinga sem hingað kemur er langt frá því að vera einsleitur. Sumir koma til framtíðardvalar meðan aðrir eru bara tímabundnir gestir í landinu. Sumir koma í ævintýraleit og til að afla mikilla tekna í skamman tíma en aðrir vegna þess að þeir vilja búa á Íslandi til frambúðar.

Þessi erlendi hópur sem hingað hefur komið til vinnu er langt því frá að vera einsleitur. Í raun má skipta honum upp í þrjá hópa. Í fyrsta lagi þeir sem vinna á Kárahnjúkum, í öðru lagi þeir sem

komið hafa til stuttrar dvalar og ævintýraleitar og síðan þeir sem eru komnir hingað til fram-búðar. Fyrstu tveir hóp-arnir munu hverfa úr landi en þriðja hópinn þurfum við að rækta.

Samskiptin við þá eru viðfangsefni en ekki vandamál. Vandí okkar er kannski mestur sá að efnahagsástandið hefur kallað á miklu fleira fólk hingað en samfélags-stofanir okkar og innvið-ir þola. Fjöldi erlendra launamanna eru ó-tryggðir á vinnumark-aðnum hér þar sem þeir búa margir í iðnaðarhús-næði þar sem lögheimil-isfesta fæst ekki skráð en hún er forsenda trygginga. Þetta höfðu sveitarfélögin gefið fyrir-heit um að lagfæra en ekkert hefur spurst af niðurstöðum.

Hættan er einnig hvað mest í skólakerfinu þar sem hópur barna nýtur ekki nægilegs stuðnings. Það þarf því að setja meira fé í þann mála-flokk. Mikilvægast af öllu er að nýta þau tækifæri sem eru í stöðunni. Sjá til þess að þeir sem koma hingað og vilja setjast hér að eigi hér sömu möguleika og að-ir til að taka þátt í at-vinnu- og menningarlífi. Lykilatriði í þessu er tungumálið og það sem getur skipt sköpum í þessu efni er að efla ís-lenskukennslu meðal þeirra sem ætla að setj-ast hér að og aðlagast íslensku samfélagi.

Af þeim sem koma hingað í tekjuleit og til að kynnast um skamma hríð íslensku þjóðfélagi,

þurfum við ekki að hafa áhyggjur. Það fólk mun leggja okkur mikilvægt lið meðan næga vinnu er að hafa en fara síðan til síns heima.

### **Matvöruverð**

Lækkun á virðisauka-skatti um síðustu áramót var erfið framkvæmd. Að lækka verð á matvöru í 6% verðbólgu bíður hættunni heim. Það er því ástæða til að hrósa matvöruverslunum sem hafa skilað lækkuninni eins og að var stefnt. Því miður gildir það sama ekki um veitingahús, skyndibitastaði og bens-ínstöðvar.

Það vekur furðu að þessir sömu aðilar skuli ekki hafa gripið tækifærið til þess að lækka verð á vörum sínum sérstak-lega í ljósi þess að þeir hafa kveinað undan hárrí álagningu í gegnum tíð-ina og borið því við að hátt verð á veitingahús-um væri tilkomið vegna mikilla álagningar. Þetta er til skammar fyrir þennan fyrirtækjageira og ber vott um taum-lausa græðgi.

### **Fátækt fólk**

Umræða um bága stöðu fólks hefur verið meira í umræðunni nú en endranær. Allstaðar sjá-um við þess merki að bilið milli ríkra og fá-tækra fer breikkandi. Ýmsar brotalamir hafa verið að koma fram bæði varðandi atvinnu-lausa og ellilífeyrisþega en hóparnir eru fleirri s.s. öryrkjar. Á sama tíma og ríkisvaldið styður við bakið á fjármálaöflum þessa lands með öllum tiltækum ráðum bólar

ekkert á úrlausnum fyrir þá verst settu. Kostnaður vegna ýmisskonar þjónustu innan heil-brigðiskerfisins hækkar stöðugt og er svo komið að lækna eru að gefa út lyfseðla sem aldrei verða leystir út eða tilvísa á aðra lækna með rann-sóknir sem aldrei fara fram. Á meðan fjölgar því fólk sem sannarlega þarfnast aðstoðar en hefur ekki efni á nota sér hana.

Í allri þessari umræðu þurfum við samt sem áður að gæta okkar á því að við ruglum þeim ekki saman sem búa við fá-tækt og þeim sem ekki geta staðið við of miklar skuldbindingar sem oft-er en ekki tengjast versnandi skuldastöðu heimilanna m.a vegna tekjutenginga.

Þessir hópar þurfa mis-munandi úrlausnir þar sem fátækt er samfé-lagsleg mál sem sést best á því að stæstu hóparnir eru ellilífeyris-þegar, öryrkjar og þeir sem eru á atvinnuleysis-skrá. Þessir hópar eiga rétt á samfélagslegri úr-lausn sinna mála.

Tekjutenging bóta er oft-er en ekki orsök þess að einstaklingar sem vildu gjarnan vinna sig út úr skuldásúpunni eru allar bjargir bannaðar þar sem hver viðbótarkróna sem unnin er inn dregst aftur frá þeim bótum sem ein-staklingurinn hefur.

### **Ellilífeyrisþegar - öryrkjar**


Í umræðu síðustu daga hefur komið fram að fjöldi ellilífeyrisþega telur sig standa höllum fæti

með afkomu sína. 95 ára einstaklingur sem varð 70 ára að aldri árið 1977 átti aðeins kost á að greiða inn í lífeyris-jóðakerfið í örfá ár. Af-koma þess einstaklings hefur fyrst og fremst byggst á greiðslum frá Tryggingarstofnun ríkis-ins eða svokölluðu al-mannalífeyriskerfis. Í er-indi sem formaður Land-sambands eldri borgara hélt, kom fram að árið 1991 hafi greiðslur lífeyr-is með tekjutryggingu með eingreiðslum numið 79% af lágmarkslaunum verkakarla en þegar komið var fram á árið 2000, á einum áratug hefur þetta hlutfall fallið niður í 63% af launum. Ráðamenn virðast hafa gleymt þeirri einföldu staðreynd að lífeyris-sjóðakerfið okkar er svo ungt að það kemur aldrei til með að styðja við bakið á þessum ald-urshópi. Því hvílir sú skylda á ríkinu að við-halda raungreiðslum al-mannatrygginga miðað við laun og kannski ekki sist vegna þeirra stað-reynda að lögbundin skylduaðild allra þjóðfé-lagsþegna var lögleidd á síðastliðnu ári. Sem bet-ur fer er fjöldi ellilífeyris-þega prýðilega bjargálna en með sama hætti eru alltof margir sem búa við sárustu fátækt vegna þess að björgunarhring-ur þess, almannatrygg-ingarkerfið, hefur verið látið grotna niður.

Við gerum þá kröfu til samfélagsins að fólk sé gert kleyft að eldast með reisn og án þess að kvíða fyrir morg-undeginum.

# HJÁL MUR

## málgagn og fréttablað Hlífar



Hjálmur, 1 tbl. 1. árg. - Allmikið smækkað

Hjálmur, félagsblað Hlífar, hefur gegnt mikilvægu hlutverki allt frá því að það hóf göngu sína 1912. Fyrstu blöðin voru handrituð og lesin upp á félagsfundum í Hlíf. Stundum hefur ganga þess verið slitrótt og í allmörg ár kom það ekki út, t.d. frá 1977 til 1982. En í febrúar 1982 birtist Hjálmur félagsmönnum Hlífar að nýju. Það var afmælisblað í A4 broti, tileinkað 75 ára afmæli

félagsins. Með þessu blaði verða töluverðar breytingar á útliti þess. Efnisval þess er orðið fjölbreyttara, myndefni aukið og farið er að birta auglýsingar í blaðinu. Það var gert til þess að afla blaðinu tekna og létta þannig á útgáfukostnaði félagsins vegna blaðsins. Á árinu 1982 kom Hjálmur einnig út fjórum sinnum í A5 broti. Aðalefni þeirra blaða voru kaup-  
taxtar og atriði úr kjara-

samningum félagsins. Á árunum 1983 og 1984 kom blaðið einnig út nokkrum sinnum en ekki er vitað hve oft því vatn, sem komst í geymslu félagsins, eyðilagði þar ýmis gögn s.s. eldri eintök af Hjálmi. Á árinu 1985 tók Hjálmur mikinn fjörkipp. Þá komu út sjö tölublöð af Hjálmi í A4 stærð. Flest árin síðan hefur Hjálmur komið út, en ekki þó öll. Þau árin sem félagið hefur fagnað stórafmælum sínum hefur verið sérstaklega vandað til blaðsins. Alltaf hefur verið reynt að hafa efni blaðsins sem fjölbreyttast um hagsmunamál verkalýðshreyfingarinnar og þá sérstaklega um þau mál sem efst hafa verið á baugi hér í Hafnarfirði. Iðulega hefur Hjálmur brýnt ríkisstjórn og bæjaryfirvöld til dáða og gagnrýnt gerðir þeirra eða aðgerðarleysi einarölega, þegar Hlífarmönnum þótti þessir aðilar ekki standa sig sem skyldi. Jafnframt hefur Hjálmur verið mikill fróðleiksbrunnur um ýmis hagsmunamál verkalýðshreyfingarinnar og birt fréttir til þess að vekja athygli á ýmsum vandamálum líðandi stundar. Þannig hefur blaðið t.d. fjallað um kaupgjaldsmál, atvinnumál, orlofsmál, lífeyrismál, verð-

gæslumál, öryggismál, húsnæðismál og skattamál. Þar hafa birst launatöflur og ábendingar um réttindi verkafólks. Seinustu árin hefur blaðið birt ítarlega skýrslu formanns Hlífar á aðalfundum félagsins, félagsmönnum til fróðleiks og glöggvunar. Núverandi ritstjóri blaðsins er Sigurður T. Sigurðsson. Það má segja, að allt frá 1912 hafi Hjálmur verið verðugur vettvangur fyrir baráttumál verkalýðshreyfingarinnar, vökuull og upplýsandi um málefni verkafólks á líðandi stund, hvetjandi



Hjálmur, 60 ára afmælisblað

lesendur sína til átaka og dáða. Þess vegna, eins og segir í afmælisriti Hjalms 1987, „verða Hlífarmenn að hlúa vel að þessu baráttutæki sínu og sjá til þess að blaðið komi reglulega út og verði sem útbreiddast“

# Skýrsla stjórnar Verkalýðsfélagsins Hlífar starfsárið 2006 - 2007

Hér á eftir verður greint frá starfsemi Verkalýðsfélagsins Hlífar á starfsárinu 2006 til 2007, getið um störf og fundi stjórnar og það helsta sem bar til tíðinda á starfsárinu.

## Fundir

Á starfsárinu voru haldnir 19 stjórnarfundir, 2 félagsfundir auk aðalfundar félagsins. Einnig var haldinn fjöldi annara funda með ýmsum starfshópum vegna kjarasamninga, svo og nefndafundir og vinnustaðafundir. Mörg mikilvæg mál voru rædd á þessum fundum sem hér á eftir verður sagt nánar frá.

## Stjórnarfundir

Hér verður greint frá málum sem komu til umræðu og afgreiðslu á stjórnarfundum félagsins á liðnu starfsári. Verulega fleiri mál voru rædd á fyrrgreindum fundum en hér verður einungis getið um nokkur þeirra.

Fyrsti stjórnarfundur eftir aðalfund var haldinn 27. apríl 2006. Sam-

kvæmt lögum Hlífar skal á þeim fundi kjósa í fræðslunefnd, laganevnd og uppstillinganefnd. Í fræðslunefnd voru kosin: Kolbeinn Gunnarsson, Linda Baldursdóttir

Björn Sverrisson. Varamaður: Halldóra M. Árnadóttir.

Þá var rætt um kjaradeilu ófaglærðs starfsfólks á umönnunarstofnunum en það hefur nú

samning sem sveitarfélög, þar á meðal Hafnarfjarðarbær, hafa gert við verkalýðsfélögin um kaup og kjör ófaglærðs starfsfólks, sem hjá þeim vinna. Samningumleitanir eru í gangi en miðar hægt.



Það verður háreist bryggjuhverfið

og Lísu C. Harðardóttir. Varamaður: Ólafur Pétursson.

Í laganevnd voru kosin: Sigurður T. Sigurðsson, Kolbeinn Gunnarsson og Linda Baldursdóttir. Varamaður: Ragnar Árnason.

Í uppstillinganefnd voru kosin: Guðbjörg Skúladóttir, Agnar Egilsson og

þegar farið tvisvar í setu-verkfall. Fyrst í einn dag og stuttu síðar í tvo daga, þ.e.a.s. fimmtudaginn 30. mars og föstudaginn 31. mars. Starfsfólkið hefur boðað áframhaldandi aðgerðir verði stofnanirnar ekki við kröfum þeirra um hærri laun og er þá miðað við nýgerðan kjar-

Á stjórnarfundum 11. maí var rætt um frumvarp um kjararáð, sem lagt hafði verið fram á Alþingi. Að loknum nokkrum umræðum var eftirfarandi ályktun samþykkt:

„Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp um kjararáð sem ætlað er að leysa af hólmi núverandi kjaradóm og kjaranefnd. Verkefni kjararáðs verður að ákveða laun og starfskjör alþingismanna, ráðherra, dómara og annara ríkisstarfsmanna sem ekki ráðast með samningum.

Í 10. grein frumvarpsins er ákvæði sem heimilur kjararáði að láta launabreytingar þeirra manna, sem taka laun samkvæmt ákvörðum ráðsins, taka breytingum í samræmi við almenna launavísitölu sem ráðið





velur í samráði við Hagstofu Íslands.

Stjórn Hlífar er á móti hvers konar einhliða ákvörðunum um kaup og kjör hálaunaðra manna sem ekki eru miðaðar við umsamin laun fólksins sem vinnur við framleiðslu- þjónustu- og umönnunarstörf í landinu eða við önnur láglaunastörf sem eru hornsteinar þjóðfélagsins. Því miður hefur Kjaradómur haft aðra viðmiðun og þess vegna hafa laun þingmanna, ráðherra, dómara og annara embættismanna sem Kjaradómur úrskurðar um hækkað verulega umfram almenna kaup-taxta verkalýðsfélaganna.

Vegna daprar reynslu af vinnubrögðum Kjaradóms getur stjórn Hlífar ekki sætt sig við neinn úrskurð um fyrrgreind laun og starfskjör, hvort sem miðað er við launavísitölu eða eitthvað annað, nema þak verði sett á hækkanirnar. Þak sem tryggir að þingfarar-kaup og/eða önnur laun sem væntanlegt kjararáð úrskurðar um hækki ekki umfram umsamin lágmarkslaun í landinu.

Fundurinn skorar á þingmenn og ráðherra að taka upp ábyrgja launastefnu og koma á fót kjararáði sem tekur mið sitt af því hvað framleiðslan í landinu getur greitt en ganga ekki á undan sem kröfugerðarmenn um sífellt hærri laun og betri kjör en almenningur fær.

Þess má geta að þingfarar-kaup alþingismanna er nú kr. 471.427 en væri kr. 367.681 ef það hefði

frá árinu 1998 fylgt umsömdum lágmarkslaunum í framleiðslugreinum þjóðarinnar.“

### Á stjórnarfundum 14. september

var m.a. rætt um og ákveðið hvaða fólki stjórnin stillir upp í allsherjaratkvæðagreiðslu sem fulltrúum Hlífar á ársfund Alþýðusambands Íslands, sem haldinn verður á Nordica



Formaður Hlífar, Hermann Guðmundsson heldur ræðu á 50 ára afmæli félagsins

Hótel dagana 26. og 27. september n.k. Ákvörðunin send kjörstjórn til afgreiðslu.

### Stjórnarfundur 3. október

Eftir setningu fundarins gaf fundarstjóri Sigurði T. ritara félagsins orðið. Sigurður las upp drög að tveimur ályktunum sem hann lagði til að stjórn Hlífar leggði fram á ársfund Alþýðusambands Íslands, sem fram fer 26. og 27. október n.k. Fyrri ályktunin er um ILO-samþykkt nr. 158 og sú seinni um hækkun skattleysismarkna upp í kr. 105.000 þann 1. júní 2007.

Sigurður reifaði einnig hugmynd um ályktun

þar sem skorað væri á stjórnvöld að láta fara fram hlutlausu könnun á kostum þess og göllum að Ísland taki upp evru sem gjaldmiðil.

Eftir miklar umræður um ályktanirnar var samþykkt að þær skyldu lagðar fyrir ársfund Alþýðusambandsins.

Jafnframt var því beint til Sigurðar T. að semja ályktun ásamt greinargerð þar sem skorað er á

stjórnvöld að standa fyrir könnun á kostum þess og göllum að Ísland taki upp evru sem gjaldmiðil í stað krónunnar.

### Stjórnarfundur 17. október

Í fyrsta lagi var rætt um fund sem ASÍ boðaði til og haldinn var í Kiwanishúsinu þann 9. október þar sem kynnt voru fundarefni ársfundar ASÍ, sem haldinn verður 26. og 27. október n.k. Þeir sem boðaðir voru til fundarins voru ársfundarfulltrúar Hlífar og Eflingar.

Í öðru lagi kynnti Sigurður T. hugmynd að ályktun Hlífar um evrumál sem fulltrúar félagsins

földu honum að semja og ætla að bera upp á ársfund ASÍ. Eftir nokkrar umræður var orðalag hennar samþykkt. Hlíf mun því leggja 3 ályktanir fyrir ársfundinn.

Í þriðja lagi var rætt um og samþykkt að fela nunnunum í klaustrinu í Hafnarfirði að sauma félagsgána fyrir Hlíf.

Í fjórða lagi greindi formaður frá fjölmönnum fundi sem verkalýðsfélögin boðuðu til með starfsmönnum Alcan í Bæjarbíói, þann 12. október. Umræðuefni fundarins voru tíðar uppsagnir fyrirtækisins á starfsfólki, án þess að tilgreina neinar ástæður. Miklar umræður urðu um málið á stjórnarfundinum og var mönnum þungt í skapi vegna ósæmilegra vinnubragða yfirmanna álversins. Menn voru sammála um að héraendis væri ekki til neitt sem héti atvinnuöryggi hjá fólki á almennum vinnumarkaði. Því bæri verkalýðsfélagunum að leggja ofuráherslu á að knýja Alþingi sem fyrst til þess að fullgilda ILO-samþykkt nr. 158 en í henni eru ákvæði sem koma í veg fyrir geðþóttauppsagnir.

Í fimmta lagi greindi formaður frá skoðanakönnun um kjaramál félagsmanna Hlífar, Eflingar og VSFK sem mun liggja fyrir í lok október.

### Stjórnarfundur 9. nóvember

Rætt m.a. um óánægju meðal forustumanna Alþýðusambands Íslands

vegna þess að frumvarp um breytingar á lögum sambandsins var fellt á nýafstöðnum ársfundi. Afstaða stjórnarmanna í Hlíf til fyrrgreindra laga-breytinga er skýr, þeir fagna þessari niðurstöðu og telja að breyting í þá veru, sem lögð er til í frumvarpinu, mundi einungis auka ennþá meira miðstjórnarvald Alþýðusambandsins, sem er þó ærið fyrir.

Í umræðum um ársfundinn kom fram einróma ánægja með það að allar þrjár ályktanir Hlífar voru samþykktar á fundinum. Sigurður T. sagði að margra ára barátta Hlífar fyrir því að ársfundur ASÍ samþykkti ályktanir félagsins um verulega hækkun skattleysismarka og fullgildingu ILO nr. 158 væri nú loksins að skila árangri. Þetta væri mikill og stór sigur fyrir félagið, sem og alla launþega í landinu. Í umræðum um ársfundinn kom fram að stjórnarmönnum fannst miður áhugaleysi fjölmiðla um ársfundinn en þeir birtu sama og engar fréttir af honum.

### **Stjórnarfundur 21. desember 2006**

Samþykkt tillaga frá uppstillinganefnd um uppstillingu til stjórnarkjörs í Hlíf fyrir starfsárið 2007 til 2008, en nú er kosið skv. B-lið 22. gr. laga félagsins. Að lokinni afgreiðslu var málinu vísað til kjöstjórnar félagsins.

Þá var samþykkt tillaga formanns um skipan 3ja manna nefndar, sem gera skal tillögur til

stjórnar félagsins, um nöfn fólks sem kemur til greina að fá Gullmerki félagsins eða verður gert að heiðursfélögum þess, fyrir vel unnin störf. Nefndina skipa: Kolbeinn Gunnarsson, Linda Baldursdóttir og Ragnar Árnason. Varmaður er Sigurður T. Sigurðsson. Við störf sín



hafi nefndin til viðmiðunar reglugerð, sem samþykkt var á stjórnarfundum 2. mars 2006.

### **Stjórnarfundur 18. janúar 2007**

Formaður greindi frá samkomulagi sem Hlíf og önnur viðkomandi verkafélög gerðu við stjórn álversins í Straumsvík, um sérstakan starfslokasamning fyrir þá þrjá starfsmenn álversins sem sagt var upp störfum þar nýlega. Á stjórnarfundinum urðu töluverðar umræður um málið og nauðsyn þess að Alþingi samþykki ILO nr. 158.

Þá sagði formaður frá 5 daga trúnaðarmannanámsskeiði á vegum Hlífar sem haldið er þessa dagana í húsakynnum félagsins að Reykjavík-urvegi 64.

Einnig rætt um margskonar undirbúning varðandi 100 ára afmæli Hlífar, s.s. dagskrá í afmælishófi félagsins þann 4. febrúar n.k., útgáfu afmælisrits o.fl.

Að lokum var rætt um verðlækkunir á matvöru. Fundarmenn voru sammála um að væntanleg lækkun virðisaukaskatts

fagnaðinn sem haldinn verður í Íþróttahúsinu við Strandgötu, sunnudaginn 4. febrúar n.k.

Þá var rætt um byggingu sólstofa við íbúðir hússins að Furulundi 8 á Akureyri en Hlíf á eina íbúð þar. Fundarmenn sammála að mæla með framkvæmdinni.

Reynir Albertsson og Sigurður T. fluttu ályktun um hækkun skattleysismarka sem samþykkt var samhljóða.

### **Stjórnarfundur 15. febrúar**

Formaður ræddi um hvernig tekist hefði til með 100 ára afmælishátíð félagsins, sem haldin var sunnudaginn 4. febrúar sl. Hann sagði að hátíðin hefði í alla staði farið einstaklega vel fram en þátttaka félagsmanna hefði mátt vera meiri. Hann sagði frá því að félagið hefði fengið fjölda gjafa og heilla-



hæfasta leiðin til að bæta hag fólksins.

### **Stjórnarfundur 1. febrúar**

Formaður greindi frá ýmsu varðandi undirbúning undir afmælis-

óska, sem hann væri mjög þakklátur fyrir. Að lokum lagði hann til að afmælisnefndin starfaði áfram.

Síðan greindi hann frá gangi mála varðandi sögusýningu sem félag-

ið hyggst setja upp á til þess gerðum auglýsingaspjöldum við göngustiginn framan við Fjarðargötuna.

Samþykkt að halda félagsfund 21. febrúar, þar sem rædd yrðu kjaramál. Stefán Ólafsson prófessor, mun flytja erindi á fundinum sem hann nefnir „skattar og lífskjör.“ Að loknu erindi Stefáns verður lögð fram ályktun frá stjórn Hlífar um hækkun skattleysismarka og undir liðnum „önnur mál“ mun stjórn félagsins leggja fram ályktun þar sem skorað er á Alþingi að fullgilda ILO-samþykkt nr. 158. Eftir umræður um hvort félagsfundurinn þann 21. febrúar væri rétti tíminn til að leggja ályktunina fram var ákveðið að það skildi gert.

### Stjórnarfundur 1. mars

Rætt um ársfund Lífeyrissjóðsins Gildi sem haldinn verður 25. apríl n.k. Töluverðar umræður urðu um lífeyrismál og ýmislegt tengt þeim s.s. ósanngjarna skattheimtu af ellilífeyri.

Sama fólk fer á væntanlegan ársfund og fór á ársfund sjóðsins á síðastliðnu ári, en fulltrúar félagsins eru kosnir á tveggja ára fresti en þeir eru:

**Aðalmenn:** / Varamenn  
Kolbeinn Gunnarsson  
Ingibjörg Harðardóttir  
Linda Baldursdóttir  
Ólafur Pétursson  
Sigurður T. Sigurðsson  
Steingrímur Guðmundsson  
Ragnar Árnason  
Valborg Óskarsdóttir  
Guðbjörg Skúladóttir  
Reynir Albertsson

Björn Sverrisson  
Jón Davíð Pétursson  
Sigríður Þorleifsdóttir  
Anna Brandsdóttir  
Halldóra M. Árnadóttir  
Arnþrúður Kristjánsdóttir

Þá greindi formaður frá því að fyrsti fundur 1. maí nefndar verkalyðsfélaganna í Hafnarfirði á árinu 2007 yrði haldinn



Gömul mynd af fiskvinnslu

daginn eftir. Hann sagði að sú breyting hefði orðið um sl. áramót að Verslunarmannafélag Hafnarfjarðar sameinaðist formlega Verslunarmannafélagi Reykjavíkur. Að öllum líkindum mun það hafa einhver áhrif á þátttöku verslunarmanna í fundarhöldum og kröfugöngu hér í Hafnarfirði.

Sigríður Þorleifsdóttir kom fram með fyrirspurn um áunna frídaga vegna funda sem starfsfólk leikskóla sækir utan vinnutíma. Málið rætt án þess að niðurstaða fengist. Formaður og varaformaður munu athuga málið.

### Stjórnarfundur 15. mars

Endurskoðandi Hlífar mætti á fundinn og fór yfir reikninga félagsins

fyrir árið 2006. Þar kom fram að fjárhagsleg afkoma félagsins er mjög góð sem og öll meðferð fjármuna til fyrirmyndar.

Rætt um mál sem stjórn Lífeyrissjóðsins Gildis ætlar að leggja fyrir ársfundinn, sem haldinn verður 25. apríl n.k.

Samþykkt að formað-

en þar er Hlíf með land á leigu fyrir slíkt hús.

Rætt um sögusýningu við Fjarðargötu á vegum Hlífar.

### Stjórnarfundur 12. apríl

Í fyrsta lagi sagði formaður frá fundi sem hann átti með formönnum Eflingar og VSFK þar sem rætt var samstarf félaganna. Þar kom fram eindreginn vilji til áframhaldandi samstarfs við gerð næstu kjarasamninga á almennum vinnu- markaði og nauðsyn þess að hefja sem fyrst vinnu við undirbúning að kröfugerð félaganna en samningarnir renna út um næstu áramót. Einnig lögðu formennirnir til að gerð yrði skoðanakönnun meðal félagsmanna Flóabandalagsins um kröfugerðina. Stjórn Hlífar lýsti yfir ánægju sinni með samstarfið og mælti gerð



**VINNUMIÐLUN**  
**HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS**  
*Engjateigi 11, 105 Reykjavík, sími 515 4850*  
*fax: 5882587, netfang: vinnumiðlun.hb@svm.is*  
\*\*\*\*\*

*Vinnumiðlun, ráðgjöf og atvinnuleysisráðgjöf fyrir íbúa í Reykjavík, Seltjarnarnesi, Hafnarfirði, Bessastaðahreppi, Garðabæ, Kópavogi og Kjós.*

\*\*\*\*\*

*Afgreiðslutími alla virka daga frá kl. 9-15:30*  
*Einnig eru veittar upplýsingar í síma.*

skoðanakönnunar meðal félagsmanna um kröfu-gerðina.

Í öðru lagi ákvað stjórnarfundurinn að halda aðalfund félagsins þann 24. apríl kl. 20 í Veitingahúsinu Skútunni.

Í þriðja lagi greindi formaðurinn frá því að miðvikudaginn 2. maí kl. 12:00 ætlaði formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins að mæta á fundi með stjórn Hlífar. Markmið fundarins er m.a. að auka tengsl forystumanna SGS við stjórnir félaganna, skiptast á skoðunum og ræða málefni sambandsins og einstakra félaga eftir því sem tími gefst til. Þessi fundur er einn af mörgum sem forysta SGS hefur ráðgert að halda með stjórnun aðildarfélaganna Starfsgreinasambandsins.

Undir liðnum önnur mál var rætt um sýninguna sem Hlíf hefur ráðgert að koma upp við göngustíginn sem er sjávarmegin við Fjarðargötuna. Undirbúningur er í fullum gangi og langt komin af hálfu Hlífar, þó nokkuð skorti á að félagið hafi aðgang að gömlum ljósmyndum í eigu Hafnarfjarðarbæjar.

## **Stjórnarfundur 26. apríl**

Fyrsta mál á dagskrá var kosning í þrjár nefndir, sem starfa eiga á starfsárinu, fræðslunefnd, laganeftnd og uppstillinganeftnd.

Í fræðslunefnd voru kosnir sem aðalmenn Kolbeinn Gunnarsson,

Linda Baldursdóttir og Lís C. Harðardóttir. Til vara Ólafur Pétursson.

Í laganeftnd voru kosnir sem aðalmenn Sigurður T. Sigurðsson, Linda Baldursdóttir og Kolbeinn Gunnarsson. Til vara Ragnar Árnason.

Í uppstillinganeftnd voru



*Bryggjuhverfi rís*

kosnir sem aðalmenn Guðbjörg Skúladóttir, Halldóra M. Árnadóttir og Björn Sverrisson. Til vara Jakob Björnsson.

Annað mál á dagskrá voru hátíðarhöldin, 1. maí, ávarp verkalýðsfélaganna og annar undirbúningur í tilefni dagsins. Þá greindi formaður frá úttekt sem Bjarni Þórðarson, tryggingastærðfræðingur gerði á sjúkrasjóði félagsins, þar sem fram kemur að staða sjúkrasjóðs er mjög góð. Úttektin, sem afhent var fundarmönnum, endaði á þessum orðum: „Það er mitt mat að eigin fé sjóðsins standi mjög vel undir þeirri skuldbindingu eða nánar tiltekið að sú skuldbinding sem í þessu felst nemi innan við 50% af eigin fé sjóðsins.“

(Nánar er greint frá at-

hugun Bjarna Þórðarsonar annars staðar í blaðinu.)

Einnig sagði formaður frá aðalfundi húsfélagsins að Furulundi 8 á Akureyri og að þar hefðu komið fram hugmyndir um stækkun svala og gerð nýrrar íbúðar í stað



*1. maí gangan 1996*

væru uppi um að íbúðin yrði fyrir fatlaða. Áætlaður kostnaður við framkvæmdirnar er um ein milljón króna á hverja íbúð.

Stjórnin samþykkti þáttöku Hlífar í fyrrgreindum framkvæmdum.

## **Félagsfundir**

Þann 21. febrúar 2007

hélt Hlíf almennan félagsfund í Veitingahúsinu Skútunni. Formaður félagsins, Kolbeinn Gunnarsson setti fundinn og stjórnaði honum. Aðalmál fundarins voru kjaramál og flutti Stefán Ólafsson, prófessor erindi um kaup og kjör á Íslandi. Að loknu erindi Stefáns Ólafssonar flutti ritari Hlífar Sigurður T. Sigurðsson eftirfarandi tillögu fyrir hönd stjórnar félagsins:

„Fundur í Verkalýðsfélaginu Hlíf skorar á Alþingi að samþykkja hækkun á skattleysismörkum þannig að tekjuskattur komi ekki á umsamin lágmarkslaun stéttarfélaganna innan Alþýðusambands Íslands. Þau laun eru nú kr. 125.000 á mánuði. Sívaxandi skuldabyrði og versnandi hagur lág-

launafólks krefst þess að þessi hækkun taki sem fyrst gildi, helst eigi síðar en í ársbyrjun 2008.

Fundurinn hvetur verkafólk og aðra láglaunamenn til að kjósa þann stjórnmalaflokk í alþingiskosningunum í vor sem gerir þessa nauðsynlegu skattabreytingu að stefnumáli sínu.“



Nýuppgert sumarhús Hlífar að Húsafelli

#### Greinargerð:

Skattleysismörk tekjuskatts eru alltof lág og þurfa að hækka verulega, enda hafa þau ekki hækkað í takt við launa- og verðlagsþróunina í landinu undanfarin fjögur kjörtímabil. Núverandi stjórnarflokkar hafa með skipulegum hætti haldið skattleysismörkunum niðri og þannig stóraukið skattbyrðina á láglaunafólki, þó mest á þeim sem lægstu launin hafa, öryrkjum og eldri borgurum. Á sama tíma er 7% hátekjuskattur felldur niður í áföngum. Því til viðbótar hefur tekjuskattur verið lækkaður um fjögur prósentustig. Báðar þessar breytingar voru sérstaklega gerðar til að lækka skatta á þeim tekjuhærrí í þjóðfélaginu. Vegna þessa hafa skattar t.d. á ráðherra-laun lækkað um kr. 1.100.000 krónur á ársgrundvelli.

Hefðu skattleysismörkin fylgt launaþróun frá 1988, eins og eðlilegt hefði verið, væru þau í dag ekki undir kr. 140.000 á mánuði. Hækkun skattleysismarkna nú er því einungis síðbúin leiðrétting fyrir

láglaunafólk. Núverandi láglaukslaun, sem eru kr. 125.000 á mánuði, eru það lág að þau ættu að vera skattlaus. Samt tekur skatturinn af þeim kr. 12.500. Eftir eru þá kr. 112.500 sem hvergi nærri duga einstaklingi til eðlilegrar framfærslu.

Eftir að Stefán Ólafsson, prófessor hafði lokið erindi sínu og ályktun stjórnar félagsins um hækkun skattleysismarkna verið kynnt, bárust fjölmargar spurningar til Stefáns Ólafssonar sem svaraði þeim jafnóðum. Að því loknu bar fundarstjóri upp ályktunina og var hún samþykkt einróma. Að þessum dagskrárlíð loknum var tekið kaffihlé.

Að loknu kaffihléi gaf fundarstjóri orðið laust undir liðnum önnur mál. Þá bað Sigurður T. ritari félagsins um orðið og flutti fyrir hönd stjórnar ályktun og greinargerð þar sem skorað er á Alþingi að fullgilda ILO-samþykkt nr. 158. Ályktunin er á þessa leið:

„Fundur í Verkalýðsfélaginu Hlíf, miðvikudag-

inn 21. febrúar 2007, skorar á Alþingi að fullgilda á komandi hausti ILO-samþykkt nr. 158 sem tryggir launafólki lágmarks mannréttindi við uppsagnir úr starfi, en slík ákvæði vantar í íslenska löggjöf. Fullgildi Alþingi ekki fyrrgreinda samþykkt mun Hlíf leggja til að sambærileg ákvæði og í henni eru verði sett í kröfugerð verkalýðsfélaganna við gerð næstu heildarkjarsamninga.“

#### Greinargerð:

Fundurinn minnir á að áskoranir á Alþingi um fullgildingu ILO-158 hafa verið samþykktar árum saman, bæði á ársfundum Alþýðusambands Íslands og Starfsgreinasambands Íslands og einnig á stjórnar- og félagsfundum í Verkalýðsfélaginu Hlíf. Núverandi stjórnarflokkar með félagsmálaráðherra Fram-

sóknarflokksins í broddi fylkingar hafa í þrjú kjörtímabil ekki viljað leggja málið fyrir Alþingi, en þar hafa þessir flokkar meirihluta atkvæða. Eins og staðan er í dag geta fyrirtæki sagt starfsfólki upp starfi án þess að nokkur frambærileg ástæða sé að baki þeirrar ákvörðunar. Dæmi eru t.d. um að fólk hafi verið rekið úr starfi vegna stjórn málskoðana eða þátttöku sinnar í starfsemi verkalýðsfélaga.

Í samþykkt ILO er aftur á móti sett það skilyrði að tilefni uppsagnar komi fram í uppsagnarbréfi og atvinnurekandi upplýsi þannig viðkomandi starfsmann um ástæðuna. Ef atvinnurekandi, einhverra hluta vegna, bregst þeirri skyldu sinni þá telst uppsögnin ógild. Þá eru í ILO-samþykktinni taldar upp eftirfarandi ástæður sem ekki gilda til uppsagnar:

**Glæsilegur veislusalur**

[www.veislulist.is](http://www.veislulist.is)

Fermingarkaffi frá kr. 1.650  
Köld og heit veisluborð frá kr. 1.800  
Smáréttir á kr. 2.400

Allar nánari upplýsingar veita matreiðslumenn okkar frá kl. 12:00 - 17:00 alla daga nema sunnudaga í síma 555 1810 eða á heimasíðu okkar [www.veislulist.is](http://www.veislulist.is)

Sendið okkur fyrirspurn á [skutan@skutan.is](mailto:skutan@skutan.is)

**Veislulist**

Veislulist og Skútan, Hólshrauni 3 - Hafnarfjörð - Sími 555 1810



Hótel Hafnarfjörður

a) Aðild að stéttarfélagi eða þátttaka í starfsemi stéttarfélags utan vinnutíma, eða í vinnutíma með samþykki atvinnurekanda.

b) Að leita eftir því að gegna trúnaðarstarfi sem trúnaðarmaður launafólks eða starfa eða hafa starfað sem slíkur.

c) Að hafa borið fram kæru eða tekið þátt í málsókn gegn atvinnurekanda sem felur í sér ásökun um meint brot á lögum, reglugerðum eða kjarasamningi eða að hafa leitað aðstoðar hlutaðeigandi stjórnvalds.

d) Kynþáttur, hörundslitur, kynferði, hjúskaparstétt, fjölskylduábyrgð, þungun, trúarbrögð, stjórnmalaskoðun, þjóðernislegur eða félagslegur uppruni.

e) Fjarvist frá vinnu í



Fra aðalfundi Hlífar 2007

fæðingarorlofi.

f) Aldur starfsmanns.

g) Fjarvist frá starfi um stundarsakir vegna veikinda eða slysa.

Strax eftir að ritari félagsins hafði lokið máli sínu bað Ólafur Pétursson um orðið og flutti eftirfarandi ályktun:

„Fundur í Verkalýðsfélag-

inu Hlíf mælir með fyrirhugaðri stækkun álversins í Straumsvík í allt að 460.000 tonna framleiðslugetu á ári, enda verði þar settar upp bestu mengunarvarnir sem völ er á hverju sinni. Það er staðreynd að þrátt fyrir að álframleiðsla Alcan í Straumsvík meira en tvöfaldist eftir stækkunina verða loftgæði, með tilliti til heilsu fólks og mengun gróðurs og jarðvegs, undir öllum mörkum sem sett hafa verið innan sem utan lóða-

marka álversins. Hjá Alcan starfa nú rúmlega 460 manns í heilsársstörfum en eftir stækkunina mun þeim fjölga í 850 og tekjur Hafnarfjarðar aukast úr 490 milljónum króna í rúman 1,4 milljarð. Fundurinn skorar á Hafnfirðinga að greiða stækkuninni atkvæði sitt í væntanlegri skoðanakönnun og renna með því styrkari stoðum undir atvinnulífið í bænum.“

Eftir að Ólafur Pétursson hafði flutt ályktunina gaf fundarstjóri orðið laust um báðar tillögurnar. Sigurður T. Sigurðsson og Finnbogi H. Finnbogason, starfsmaður hjá Alcan tjáðu sig báðir meðmæltir stækkun álversins. Fleiri tóku ekki til máls. Ályktunin um fullgildingu ILO-nr. 158 var samþykkt einróma og ályktunin um stækkun álversins var samþykkt með þorra atkvæða gegn þremur.

## Almennur kjarasamningur

### Veikindi barna og leyfi af óviðráðanlegum ástæðum

Foreldri skal, eftir fyrsta starfsmánuð, heimilt að verja samtals 7 vinnudögum á hverju 12 mánaða tímabili, til aðhlyningar sjúkum börnum sínum undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið, og halda þá dagvinnulaunum sínum, svo og vaktalagi þar sem það á við. Eftir eins árs starf hjá sama vinnuveitanda er foreldrum með sama hætti heimilt að verja samtals 10 vinnudögum til aðhlyningar börnum sínum undir 13 ára aldri. Með vísan til reglna um greiðslur vegna veikinda barna, er það sameiginlegur skilningur aðila, að með foreldri sé einnig átt við fósturforeldri eða forráðamann, sem er framfærandi barns og komi þá í stað foreldris. Að öðru leyti á starfsmaður rétt á leyfi frá störfum þegar um óviðráðanlegar (force majeure) og brýnar fjölskylduástæður er að ræða vegna sjúkdóms eða slyss sem krefjast tafarlausrar nærveru starfsmanns. Í þeim tilfellum á starfsmaður ekki rétt á launum frá atvinnurekanda.

HRAUNHAMAR  
FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

# Laun í fjármálaþjónustu hækka mest en laun verkafólks minnst

Vísitala launa á fyrsta ársfjórðungi hækkaði um 4,1% frá fyrri fjórðungi, samkvæmt útreikningum Hagstofu. Á sama tímabili hækkaði vísitala launa á almennum vinnumarkaði um 4,2%. Regluleg laun skrifstofufólks hækkuðu mest eða um 5,9% en minnst hækkuðu regluleg laun verkafólks eða um 3,3%. Mest hækkuðu regluleg laun í fjármálaþjónustu, lífeyrissjóðum og váttryggingum eða um 6,5% en minnst var hækkingin í iðnaði eða um 3,4%. Vísitala launa fyrir opinbera starfsmenn hækkaði um 3,7% á



sama tímabili. Frá fyrsta ársfjórðungi 2006 hefur vísitala launa hækkað um 11%. Á sama tímabili hækkaði vísitala launa á almennum vinnumarkaði

um 11,7% og vísitala launa opinberra starfsmanna um 9,5%.

Kjarasamningar á almennum vinnumarkaði

kveða á um 2,9%-3,65% hækkingu launataxta frá 1. janúar 2007. Í hækkingu vísitölunnar gætir einnig áhrifa sérstaks samkomulags Sambands íslenskra bankamanna og Samtaka atvinnulífsins frá 28. ágúst sl. sem kveð á um sérstakar taxtahækkanir frá 1. janúar 2007 til samræmis við hliðstætt samkomulag Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins frá 22. júní 2006. Samkvæmt almennum kjarasamningum opinberra starfsmanna hækkuðu launataxtar þeirra um 2,9-3% um áramót.

## Alþingismenn og fiskvinnslufólk

Árið 1997 voru mánaðarlaun fiskvinnslufólks í dagvinnu kr. 62.594.


Nú á árinu 2007 eru þau kr.126.153. Þau hafa hækkað um rúmlega 100%. Á sama tíma hefur þingfararkaup alþingismanna hækkað úr kr. 211.700 á mánuði upp í kr. 517.639 eða um 145%.

Hefði þingfararkaupið hækkað hlutfallslega jafnt launum fiskvinnslufólks væri það í dag kr. 427.633 á mánuði eða kr. 90.000 lægra.

Á einu ári eru þetta hátt í ellefu hundruð þúsund krónur.

Þessar tölur sýna að kaup verkafólks og annars láglounafólks hefur setið eftir og vantar mikið á að það fylgi eftir launum alþingismanna og annara betur launaðra hagsmunahópa, bæði á almennum markaði sem og hjá ríki og bæ.

Lægstu launin væru a.m.k 140 þús. krónur á mánuði ef þau hefðu fylgt öðrum launahækkunum Þessu til viðbótar hafa stjórnmöld hagrætt



skattkerfinu þannig að skattbyrðin hefur færst frá hátekjufólkinu og yfir á lægstu tekjurnar. Það er engu líkara en þau leggi það í metnað

sinn að skerða sem mest rýran hlut verkafólks, en hækka eigið kaup og kjör sem mest.

**Almennur  
kjarasamningur**

**Fast  
vikukaup**

Hafi verkamaður unnið hjá sama vinnuveitanda eða í sömu starfsgrein samfelt í einn mánuð eða lengur skal honum greitt óskert vikukaup þannig að samningsbundnir frídagar sem falla á mánu-daga til og með föstu-daga séu greiddir.

Með samfelldri eins mánaðar vinnu er átt við að starfsmaður hafi unnið hjá sama vinnuveitanda eða í sömu starfsgrein fulla dagvinnu í einn mánuð, enda jafngildi fjarvistir vegna veikinda, slysa, orlofs, verkfalla eða verk-banna fullri vinnu. Sama gildir um daga, sem falla úr t.d. í fiskvinnu og hafn-arvinnu vegna hráefnis-skorts eða sambærilegra orsaka.

Það jafngildir samfelldri vinnu ef unnið hefur verið í árstíðabundinni vinnu samtals einn mánuð hjá sama vinnuveitanda á undanförunum tveimur árum.

Pegar verkamaður hefur samkvæmt framan-skráðum ákvæðum öðl-ast rétt til óskerts viku-kaups, skal skylt að greiða honum kaup fyrir þá virka daga, sem vinna fellur niður, sbr. þó 3. gr. laga nr. 19/1979 og 16. kafla þessa samnings.



starfsmennt  
samtaka atvinnulífsins  
og flóabandalagsins

# Við aðstoðum þig í námi!

**Félagsmenn í Hlíf og  
fyrirtæki geta sótt um styrk  
til starfstengds náms og  
námskeiða**

**[www.starfsafl.is](http://www.starfsafl.is)  
Stuðningur við  
atvinnulífið**

**Check our web page for grants  
for job-related courses**



FJARÐARGÖTU 17  
220 HAFNARFJÖRÐUR  
SÍMI: 520 2600 • FAX: 520 2601



# Úthlutunarreglur einstaklings- styrkja Starfsafls 2007

1. Félagsmaður í Eflingu-stéttarfélagi, Verkalýðsfélaginu Hlíf eða Verkalýðs- og Sjómannafélagi Keflavíkur og nágrennis sem unnið hefur samfelt síðustu 12 mánuði og greitt félagsgjöld á þeim tíma á rétt á stuðningi til símenntunar og/eða starfsnáms. Endurgreitt er hlutfallslega fyrir fólk í hlutastörfum.

2. Félagsgjöld síðustu 12 mánaða að upphæð kr. 14.800 eða meira jafngilda 100% starfshlutfalli.

3. Styrkir eru greiddir út eftir að námi/námskeiði er lokið eða í

lok annar. Fylla þarf út umsóknareyðublað og skila frumriti reiknings á skrifstofu viðkomandi stéttarfélags og staðfestingu á að námi eða námsáfangi sé lokið. Umsókn þarf að berast viðkomandi stéttarfélagi innan 12 mánaða frá því að námi/námskeiði lauk.

4. Áunnin réttindi félagsmanna innan Starfsafls og/eða Landsmenntar haldast óbreytt þrátt fyrir flutning á milli sjóða, samkvæmt nánari reglum.

5. Sá sem hverfur frá vinnuvegna veikinda, heimilisá-

stæðna eða af öðrum gildum ástæðum heldur rétti sínum til styrks í allt að 24 mánuði. Að 24 mánuðum liðnum, frá því hann hvarf af vinnumarkaði, fellur réttur hans niður.

6. Foreldrar í fæðingar- eða foreldraorlofi geta nýtt sér áunnin rétt skv. 1. gr. ef þau velja að greiða stéttarfélagsgjöld á meðan á orlofi stendur.

7. Félagsmenn í atvinnuleit halda áunnum rétti sínum eins og hann var við starfslok ef þeir velja að greiða stéttarfélagsgjöld af atvinnuleysisbótum.

## Upphæðir endurgreiðslu

- Hámarksgreiðsla á ári er kr. 50.000 fyrir almennt nám og lífsleikninámskeið samanlagt.
- Námskeið sem falla undir lífsleikni eru styrkt að hámarki kr.15.000 á ári.
- Félagsmenn eiga rétt á styrk vegna meiraprófs að upphæð kr. 100.000.
- Félagsmenn sem ekki hafa íslensku sem móðurmál geta sótt um endurgreiðslu vegna íslenskukennslu eftir að hafa greitt til félagsins í 1 mánuð.
- Starfstengt réttindanáms: Félagsmenn sem ekki hafa nýtt sér rétt sinn síðustu þrjú ár eiga rétt á styrk allt að kr. 132.000 fyrir eitt samfelt námskeið samkvæmt nánari reglum sjóðsins.
- Skólafélags-/nemendafélagsgjöld eru ekki endurgreidd né bókakostnaður.
- Greiðslukvittun má ekki vera eldri en 12 mánaða. Tekið er við umsóknum til og með 20. hvers mánaðar og greitt er fyrsta virka dag í mánuði inn á bankareikning viðkomandi.
- Aldrei er greitt meira en 75% af kostnaði við starfstengt- og almennt nám og 50% af lífsleikninámi (tómstundanámi).

starfsafl

starfsmennt  
samtaka atvinnulífsins  
og flóabandalagsins

www.starfsafl.is Sætúni 1  
105 - Reykjavík -  
sími 5107544 - fax 5107549



# 100 ára afmælishátíð Hlífar



Eins og ráð var fyrir gert var 100 ára afmælishátíðin sett á tilsettum tíma, sunnudaginn 4. febrúar 2007 og hófst hún kl. 14:30 með setningarræðu formanns Hlífar, Kolbeins Gunnarssonar. Veislustjóri var Kristján Gunnarsson, formaður Starfsgreinasambands Íslands.

Ávörp fluttu Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri, Ingibjörg Guðmundsdóttir, varaforseti Alpýðusambands Íslands, Skúli Thoroddsen, Sigurður Bessason, formaður Eflingar-stéttarfélags, Kristbjörg, Sigurðardóttir, varaformaður Verkalýðsfélags Húsavíkur og Kristján Gunnarsson, formaður Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis.

Eftir kaffihlé söng Karlaþórinn Prestir og að því loknu skemmti Jóhannes Kristjánsson eftirherma. Næst síðasta atriðið á dagskránni var upplestur Harðar Zóphaníassonar, fyrrv. skólastjóra, úr 100 ára sögu Hlífar en hann er að ljúka við að taka saman og skrá sögu félagsins síðustu 30 árin. Áður var búið að skrá sögu félagsins frá 1907 til 1977. Það gerði Ólafur P. Kristjánsson, fyrrv. skólastjóri.



Gylfi Ingvarsson flytur afmælisóskir frá starfsmönnum og Fulltrúaráði verkalýðsfélaganna í Straumsvík



Fundar- og veislustjóri var Kristján Gunnarsson, formaður Starfsgreinasambandsins og Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis



Varaforseti ASÍ, Ingibjörg Guðmundsdóttir



Hörður Zóphaniásson, fyrrv. skólastjóri les úr 100 ára sögu Hlífar



Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði



Sigurður Bessason, formaður Eitingar-stéttarfélags



Gullmerki Hlífar.

Að loknum ávörpum afhenti formaður Hlífar 5 eldri félögum úr Hlífr og Framtíðinni Gullmerki Hlífar sem þakklætisvott fyrir vel unnin störf þeirra í þágu verkalýðsfélaganna.



Kristbjörg, varaformaður Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis



Kolbeinn Gunnarsson, formaður Hlífar tekur við gjöf frá Starfsgreinasambandi Íslands. Kristján Gunnarsson, formaður sambandsins er fyrir miðju á myndinni en Skúli Thoroddsen, framkvæmdastjóri sambandsins er í ræðupólti.



Stebbi og Eyfi

Pau sem hlutu Gullmerki sem viðurkenningu voru Guðríður Elíasdóttir, fyrrv. formaður Framtíðarinnar, Hörður Sigursteinsson, fyrrv. ritari Hlífar, Kolbeinn Sigurjónsson, fyrrv. varaformaður Hlífar, Sigurður T. Sigurðsson, fyrrv. formaður Hlífar og núverandi ritari félagsins og Þorbjörg Samúelsdóttir, fyrrv. varaformaður Framtíðarinnar.

Í lok þessarar vel heppnuðu afmælishátíðar spiluðu Stebbi og Eyfi nokkur lög við góðar undirtektir gesta.



*Theodor Hallsson, forstöðumaður Námsflokka Hafnarfjarðar (t.h.) ásamt kennara og nemendum*

## Hlíf tekur þátt í tilraunanámskeiði - sterkari staða á vinnumarkaði

Nýlega lauk tilraunanámskeiði á vegum Hlífar og Námsflokka Hafnarfjarðar - miðstöð símenntunar í Hafnarfirði (Lækjaskóla), þar sem var farið yfir ýmis atriði sem styrkja eiga stöðu þátttakenda á vinnumarkaði. Námskeiðið hefur verið í undirbúningi allengi en það er hluti af Evrópuverkefni í Leonardo-starfsmenntaáætlun Evrópusambandsins. Námskeiðið er samstarfsverkefni Námsflokka Hafnarfjarðar, Starfsafls, Hlífar og Svæðisvinnumiðlunar höfuðborgarsvæðisins.

Námskeiðið var einkum ætlað miðaldra fólki á vinnumarkaði sem vill styrkja stöðu sína, er að hugleiða að skipta um vinnu eða er á milli starfa. Starfsafl sem er í eigu Hlífar, Eflingu, Verkalýðs og sjómannafélagi Keflavíkur og samtaka atvinnulífsins hefur stýrt verkefnið hérlandis. Námskeiðið var einnig kynnt á ráðstefnu í Skotlandi í mars sl. og til stendur að gefa út bók um niðurstöður verkefnanna í hinum mismunandi Evrópulöndum.

Meðal þátta á námskrá námskeiðsins var gerð færnimöppu, tölvulæsi og tölvukunnátta, farið var yfir hreysti og heilbrigði, íslenskan rifjuð upp, ekki síst ritmálið og fleira. Færnimappa er skrá eða safn af skráðri færni sem viðkomandi býr yfir, sett fram á aðgengilegan máta þannig að tilvonandi atvinnurekandi eigi auðveldar með að átta sig á færni starfsmannsins. Einnig hjálpar þetta viðkomandi starfsmanni mjög mikið í að átta sig á styrkleikum sínum og veikleikum, eyðum í þekkingu sem

hægt væri að bæta úr. Þátttakendur og aðstandendur námskeiðsins voru mjög ánægðir með námskeiðið, sem var alls um 90 kennslustundir, og stendur til að endurtaka það fljótlega ef næg þátttaka fæst. Frekari upplýsingar veita Námsflokkar Hafnarfjarðar í síma 585 5860, [www.namsflokkar.hafnarfjordur.is](http://www.namsflokkar.hafnarfjordur.is)

# Ársfundur ASÍ

Dagana 26. og 27. október 2006 var ársfundur Alþýðusambands Íslands haldinn. Á þann fund mættu nær 300 fulltrúar úr félögum innan sambandsins. Hlíf átti þar 7 fulltrúa. Á fundinum voru rædd margskonar kjaramál sem forusta Alþýðusambandsins hafði undirbúið. Fulltrúar Hlífar lögðu fram 3 ályktanir. Í fyrsta lagi ályktun um fullgildingu á samþykkt nr. 158 frá Alþjóðavinnu- málstofnuninni (ILO). Í öðru lagi áskorun á stjórnvöld um að standa fyrir könnun á kostum þess og göllum að taka upp evru sem gjaldmiðil héraendis og í þriðja lagi hækkun skattleysis- marka. Tvær þær fyrst töldu eru birtar hér á eftir:

## **Ályktun um ILO-158:**

Ársfundur Alþýðusambands Íslands 2006 skorar á Alþingi að fullgilda á yfirstandandi þingi sam-

marksréttindi við uppsagnir úr starfi eins og gilda meðal flestra annara vestrænna þjóða. Fundurinn minnir á að

bandsins á undanförunum árum.

Fáist stjórnvöld ekki til að fullgilda fyrrgreinda samþykkt verði krafa um sambærileg ákvæði og í henni eru sett í kröfugerð verkalýðsfélaganna þegar núgildandi heildarkjarasamningar renna út.



Fulltrúar Hlífar á ársfundinum

þykkt nr. 158 frá Alþjóðavinnu- málstofnuninni og tryggja með því íslensku launafólki sömu lág-

ályktanir um sama efni hafa verið samþykktar á ársfundum Alþýðusam-

## **Ályktun um evru:**

Ársfundur Alþýðusambands Íslands 2006 skorar á stjórnvöld að standa fyrir ítarlegri könnun á kostum þess og göllum að Ísland taki upp evru sem gjaldmiðil. Vandað skal á allan hátt til könnunarinnar og hún framkvæmd af óvilhöllum aðila/aðilum og niðurstöður hennar birtar opinberlega fyrir 15. apríl 2008.

## Almennur kjarasamningur

# Fritökuréttur

### **Frávik og fritökuréttur**

Við sérstakar aðstæður, þegar þjarga þarf verðmætum, má lengja vinnulotu í allt að 16 klst. og skal þá veita 11 klst. hvíld í beinu framhaldi af vinnunni án skerðingar á rétti til fastra daglauna.

Í þeim tilvikum að sérstakar aðstæður gera það óhjákvæmilegt að víkja frá daglegum hvíldartíma gildir eftirfarandi: Séu starfsmenn sérstaklega beðnir að


mæta til vinnu áður en 11 klst. hvíld er náð er heimilt að fresta hvíldinni og veita síðar, þannig að fritökuréttur, 11/2 klst. (dagvinna), safnist upp fyrir hverja klst. sem hvíldin skerðist. Heimilt er að greiða út 1/2 klst. (dagvinna) af fritökuréttinum óski starfsmaður þess. Í öllum tilfellum er óheimilt að skerða 8 klst. samfellda hvíld.

Vinni starfsmaður það lengi á undan frídegi

eða helgi að ekki náist 11 stunda hvíld miðað við venjubundið upphaf vinnudags skal fara með það á sama hátt. Komi starfsmaður til vinnu á frídegi eða um helgi greiðist yfirvinnukaup fyrir unninn tíma án frekari aukagreiðslna af þessum sökum.

Framangreind ákvæði eiga þó ekki við á skipulegum vaktaskiptum en þá er heimilt að stytta hvíldartíma í allt að 8 klst.

Uppsafnaður fritökuréttur skv. framan- greindu skal koma fram á launaseðli og veittur í hálfum og heilum dögum utan annatíma í starfsemi fyrirtækis í samráði við starfsmenn enda sé uppsafnaður fritökuréttur a.m.k. fjórar klst. Við starfslok skal ónýttur fritökuréttur starfsmanns gerður upp og teljast hluti ráðningartíma.



Taflan hér að ofan sýnir skattlagningu lægstu launa frá 1988 til 2007

# Aukin skattbyrði láglounafólks



Á árinu 1988 voru lágmarkslaun verkafólks í dagvinnu kr. 44.183 á

mánuði og enginn tekjuskattur af þeim greiddur. Nú á árinu 2007 eru þau kr. 125.000, en nú er lagður á þau tekjuskattur kr. 12.500, þannig að þau eru í raun og veru ekki nema kr. 112.500 á mánuði til útborgunar.

Á sama tíma hefur hálaunafólk fengið verulegar skattalækkanir, t.d. var 7% hátekjuskattur lagður niður og skattprósenta tekjuskattsins lækkuð um fjögur prósentustig. Þessar miklu skattaáviljanir hækka t.d. útborguð ráðherralaun um meira en milljón krónur á ári. Og þeir sem borga brúsann er láglounafólkið.

Í komandi kjarasamningum verður verkalyðshreyfingin að jafna þennan

an mikla launa- og kjarasamning sem orðin er. Lægstu laun þurfa að hækka umtalsvert og vera skattfrjáls. Annað er óásættanlegt.

## Styrkir úr sjúkrasjóði Hlífar á árinu 2006

Sjúkradagpeningar	kr. 25.558.791
Útfararstyrkir	kr. 1.370.531
Sjúkraþjálfun	kr. 1.256.761
Líkamsrækt	kr. 852.715
Gleraugnastyrkur	kr. 814.585
Krabbameinsskoðun	kr. 256.482
Fæðingarstyrkur	kr. 90.200
Viðtalameðferðir	kr. 75.000
Dvöl á heilsustöð	kr. 63.000
Tæknifrjógvun	kr. 42.500
Ýmsir styrkir	kr. 40.000
Samtals	kr. 30.420.565



**Námsflokkar  
Hafnarfjarðar**  
Miðstöð símenntunar

## Meðlagsgreiðendur

Meðlagsgreiðendur, vinsamlegast gerið skil hið fyrsta og forðist vexti og kostnað.



**INNHEIMTUSTOFNUN SVEITARFÉLAGA**

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Kt. 530372-0229 • www.medlag.is  
Banki 0139-26-4700 • Sími 590 7100 • Fax 590 7101



# Inngangur að Vorskýrslu hagdeildar ASÍ 2007

Liðin ár hafa verið ár mikillar verðmætasköpunar, hagvöxtur hefur verið góður, kaupmáttur vaxið og almennt góðæri ríkt en þessum hraða og mikla vexti hefur fylgt óstöðugleiki með mikilli verðbólgu, gengissveiflum og háum vöxtum. Flestir eru sammála um að með betri hagstjórn hefði mátt draga úr óstöðugleikanum og forða almenningi og fyrirtækjum frá þeim mikla kostnaði sem honum fylgdi.

## Ójöfnuður hefur vaxið

Þegar skoðað er hvernig aukinni hagsæld liðinna ára hefur verið skipt blasir dapurleg staðreynd við - ójöfnuður hefur vaxið. Það er þekkt að í uppsveiflu eykst hættan á því að einhverjir dragist aftur úr í tekjuþróuninni. Þess vegna þarf að gæta sérstaklega að því að allir fái notið góðærisins. Verkalýðshreyfingin hefur því lagt mikla áherslu á að hækka lægstu launin sérstaklega og það hefur skilað árangri, því að launabreytingar skýra ekki vaxandi ójöfnuð. Vaxandi ójöfnuð má skýra með að fjármagnstekjur renna helst til þeirra tekjuhærra og með því að stjórnvöld hafa markvisst dregið úr tekjujöfnunarhlutverki skattkerfisins, með afnámi hátekjuskatts,

raunlækkun persónuafsláttarins og minnkandi vægi barnabóta.

Það er nokkurt áhyggjuefni að þrátt fyrir að kaupmáttur hafi vaxið mikið á liðnum árum hafa íslensk heimili eytt um efni fram - ráðstöf-



unartekjur hafa ekki dugað fyrir neysluútgjöldum. Skuldir heimilanna sem hlutfall af ráðstöfunartekjum hafa einnig vaxið gríðarlega og sífellt stærri hluti þeirra fer til greiðslna á vöxtum af þessum miklu skuldum. Heimilin eru því illa undir það búin að takast á við efnahagsleg áföll.

## Vextir og verðbólga

Samkvæmt nýrri hagspá Hagdeildar ASÍ leitar hagkerfið nú í átt til jafnvægis. Það gerist ekki sársaukalaust, atvinnuleysi eykst og það dregur úr kaupmáttaraukningu. Spáin gerir þó ekki ráð fyrir harðri lendingu hagkerfisins. Áhyggjuefnið er ekki hörð lending heldur að ekkert

augljóst jafnvægi er í kortunum. Þó að hægi á í efnahagslífinu er ekki að sjá að viðskiptahallinn verði viðráðanlegur í náninni framtíð. Vextir virðast ætla að vera áfram í hæstu hæðum og verðbólga óásættanlega

mikil. Óvissa er mikil og má lítið út af bera til að hagkerfið þróist til verri vegar. Geta Seðlabankans til viðspyrnu er verulega skert vegna þess hve stýrivextir eru þegar háir. Það kemur því ekki á óvart að Seðlabankinn telur í nýrri skýrslu um fjármálastöðugleika að brýnasta verkefni hagstjórnarinnar sé að endurheimta stöðugleika í þjóðarbúskapnum. Það er því mikilvægt að ná tökum á hagstjórninni. Til þess verða stjórnvaldamenn að láta af ódýrum innihaldslausum loforðum og horfast í augu við raunveruleikann. Af fréttum að dæma má ætla að ekki verði margir vegaspottar ómalbikaðir í árslok, ekki mörg fjöll án gangna og

stór hluti hringvegarins með fjórum akgreinum. Samhliða þessu á þegar að vinna upp allar vanrækslusyndir á sviði velferðamála og jafnframt að lækka skatta. Þetta eru auðvitað allt brýn og góð mál en fyrir svona ódýrum loforðum er einfaldlega ekki innistæða.

## Ábyrg hagstjórn

Í hagspá Hagdeildar er tekið tillit til þess að ekki er rými fyrir allar yfirlýsingar og loforð ráðamanna. Það er einfaldlega gengið út frá því að það sama gerist og eftir síðustu kosningar að þegar búið er að kjósa og loforðavíman rennur af mönnum að sagan endurtaki sig og gripið verði til óhjákvæmilegra frestana. Í þessu samhengi má benda á frestun Héðinsfjarðagangna, menningarhúsa ofl. eftir síðustu kosningar. Það sem almenningur þarf nú er ábyrg hagstjórn en ekki loforð stjórnvaldamanna sem allir vita að ekki er innistæða fyrir. Verkalýðshreyfingin hefur lengi kallað eftir þríhliða samstarfi verkalýðshreyfingarinnar, atvinnurekenda og stjórnvalda um brýn verkefni á sviði efnahags-, atvinnu- og félagsmála. Reynsla liðinna ára kennir okkur að slíkt samstarf hefur sjaldan verið brýnna.

*(Ritstjóri Hjálms setti inn millifyrirsagnir)*

# Kjaramál

Á vordögum 2006 var verðlag komið verulega fram úr því sem samningsforsendur almennra kjarasamninga verkalyðsfélaganna gerðu ráð fyrir en í þeim segir m.a.:

„Markmið aðila með samningi þessum er að stuðla að efnahagslegum stöðugleika og jafnvægi á vinnumarkaði, sem hvort tveggja er grundvöllur uppbyggingar og fjölgunar starfa. Í samræmi við þessi markmið hvílir samningur þessi á eftirfarandi forsendum:

1. Að verðlag þróist í samræmi við verðbólgu- markmið Seðlabanka Íslands.

2. Að sú launastefna og þær kostnaðarhækkningar sem í samningnum felast verði almennt stefnumarkandi fyrir aðra samningagerð á vinnumarkaði. Fari svo á samningstímanum að ofangreindar forsendur bregðist geta aðilar að samningnum skotið málinu til sérstakrar forsendunefndar sem sett verður á fót til að stuðla að framgangi markmiða samningsins og festa forsendur hans í sessi.

Nefndin skal taka samningsforsendurnar til sérstakrar skoðunar fyrir 15. nóvember 2005 og 2006. Komist nefndin að þeirri niðurstöðu að marktækt frávik hafi orðið frá annarri eða báðum

ofangreindra forsendna getur annað tveggja gerst. Ef samkomulag næst í nefndinni um viðbrögð getur hún úrskurðað að samningurinn haldi gildi sínu, að teknu tilliti til niðurstöðu nefndarinnar. Ef ekki næst samkomulag um viðbrögð er samningur-



Árið 1996. Launafólk að mótmæla óhagstæðum breytingum á lögum um stéttarfélag og vinnudeilur

inn uppsegjanlegur af hálfu samningsaðila. Uppsögn skal ákveða fyrir 10. desember og telst samningurinn þá vera laus frá næstkomandi áramótum að telja.“

## **Snemmbær endurskoðun**

Eins og fram kemur hér að framan þá gerði kjarasamningurinn ráð fyrir að síðari endurskoðun launaákvæðanna færi fram í nóvember 2006. Það kom því verulega á óvart þegar fulltrúar atvinnurekenda buðu upp á viðræður um þá endurskoðun strax í júní það ár eða um fimm mánuðum áður en samningsákvæðin gerðu

ráð fyrir. Mjög líklega hafa Samtök atvinnulífsins og ríkisstjórnin viljað flýta viðræðunum um endurskoðunina til þess að hún blandaðist ekki saman við kosningabaráttu stjórnmalaflokkanna þegar nær liði alþingiskosningunum.

Forsendunefndin ræddi síðan málin og komst að sameiginlegri niðurstöðu. Aðalatriði þess samkomulags var að frá 1. júlí 2006 skyldu launataxtar verkalyðsfélaganna hækka um kr. 15.000 á mánuði og tekjutrygging vera kr. 123.000 á mánuði. Hinn 1. janúar 2007 skyldu launataxtar síðan hækka um 2,9% og tekjutrygging verða kr. 125.000 á mánuði.

Til þess að greiða fyrir samkomulagi lofaði forsætisráðherra að skattleysismörk, sem þá voru kr. 79.055 skyldu hækka þann 1. janúar 2007 í kr. 90.000.

Á því tæpa ári sem lið-

ið er síðan forsendunefndin ákvað fyrrgreindar launahækkningar, hefur verðlag í landinu stöðugt hækkað og er nú verulega fyrir ofan verðbólgu markmið Seðlabanka Íslands. Lækkun skatta á ýmis konar matvæli hefur ekki skilað sér út í verðlagið og haft þau áhrif sem stjórnvöld sögðu að yrði. Það er því augljóst að endurnýjun kjarasamninga á almennum vinnumarkaði verður ekki átakalaus þegar þeir renna út 31. desember 2007.

Vilji stjórnvöld sleppa við átök á vinnumarkaðnum þá verða þau að létta skattbyrðar láglaunafólks, en það verður best gert með því að hækka skattleysismörkin verulega þannig að þau verði ávallt jöfn þeirri tekjutryggingu sem verkalyðsfélög innan Starfsgreinasambands Íslands semja um. Aðrar hugmyndir t.d. um fleiri skattþrep eru láglaunafólki óhagstæðar því þær gefa stjórnmalamönnum meiri möguleika á innigripum síðar meir, sem þyngdu á ný skattbyrðina. Sama er að segja um þá hugmynd að hækka skattleysismörkin einungis á lægstu launin en lítið hærra laun yrðu skattlögð. Það minnsta sem verkafólk getur sætt sig við er, eins og áður segir, að skattleysismörkin verði aldrei lægri en umsamin tekjutrygging.





# Aðalfundur Hlífar

var haldinn 24. apríl 2007 í Veitingahúsinu Skútunni Hólshrauni 3

Formaður félagsins, Kolbeinn Gunnarsson, setti fundinn og stjórnaði honum

*Þetta gerðist:*

## 1. Venjuleg aðalfundarstörf

a) Formaður flutti skýrslu stjórnar félagsins fyrir starfsárið 2006 - 2007.

b) Eftir að hafa flutt skýrslu stjórnar gaf fundarstjóri Sigurði T. Sigurðssyni, löggiltum endurskoðanda orðið. Sigurður las og skýrði reikninga félagsins fyrir árið 2006.

Fram kom að fjárhagsleg staða félagsins er góð og öll meðferð fjármuna hjá félaginu í samræmi við lög, félagssamþykktir og góða reikningsskilavenju.

Að lokinni umfjöllun og skýringum endurskoðanda á reikningum fé-

lagsins gaf formaður orðið laust til umræðna um skýrslu stjórnar, reikninga félagsins og starf stjórnar. Kristbjörg Jónsdóttir bað um orðið og lýsti yfir ánægju sinni með hve góður fjárhagur félagsins væri og tóku fundarmenn undir þau orð með lófaklappi. Aðrir tóku ekki til máls um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins og bar þá formaður reikningana undir atkvæði og voru þeir samþykktir einróma.

c) Formaður skýrði frá kjöri stjórnar. Hann greindi frá því að nú hefði verið kosið samkvæmt B-lið, 22. greinar laga félagsins en þá eru kosnir til tveggja ára varaformaður og tveir með-

stjórnendur og þrjár vararmenn stjórnar. Einnig eru kosnir til eins árs, tveir skoðunarmenn reikninga og einn til vara. Auk þess þrjú menn í stjórn sjúkrasjóðs og þrjú til vara og

kjörstjórnar, listi stjórnar og uppstillinganefndar.

Þar sem önnur framboð komu ekki var fólk á þeim lista réttkjörið í stjórn og varastjórn Hlíf-



*Skrifstofa Hlífar á Reykjavíkurvegi 64*

þrjú í stjórn orlofsheimilásjóðs og þrjú til vara.

Einungis einn listi barst til

ar, stjórn og varastjórn sjúkrasjóðs, stjórn og varastjórn orlofsheimilásjóðs og sem skoðunar-

menn reikninga fyrir árið 2007.

## 2. Sjúkrasjóður Hlífar

Formaður las upp niðurstöðu á úttekt Bjarna Þórðarsonar, tryggingastærðfræðings á fjárhagsstöðu sjúkrasjóðs Hlífar, sem endar á eftirfarandi niðurstöðu: „Það verður að ætla að tilgangur reglugerðarinnar sé sá að tryggja núverandi sjóðsfélögum samþærileg réttindi með áframhaldandi greiðslum iðgjalda til sjóðsins. Því verður að leggja nokkra upphæð til hliðar til að mæta þeirri skuldbindingu sem felst í þessu og leiðir af því að útgjöld fara vaxandi með hækkandi aldri. Það er mitt mat að eigið fé sjóðsins standi mjög vel undir þeirri skuldbindingu eða nánar tiltekið að sú skuldbinding sem í



## 3. Kosning í kjörstjórn

Stjórn félagsins lagði til að Sigurður T. Sigurðsson, ritari félagsins og Reynir Albertsson væru kosnir sem aðalmenn í kjörstjórn og Soffía Hulda Sverrisdóttir og Steingrímur Guðmundsson til vara. Engar aðrar uppástungur komu fram og voru þau því sjálfkjörin.

Að þessum dagskrárlík loknum var tekið um 1/2 tíma kaffihlé.

um húsnæðismál pólskra verkamanna sem hér dvelja tímabundið vegna vinnu. Hann ræddi um þröngt og rándýrt húsnæði sem þessum mönnum væri boðið upp á og taldi að félagið yrði að gera eitthvað til að liðsinna þessum mönnum. Formaður sagði að það væri á vegum opinberra aðila að hafa afskipti af þessum málum. Hlíf sem

slíkt hefði ekki vald til íhlutunar. Sigurður T. ritari félagsins tók undir með Ólafi og sagði húsnæði sumra erlendra manna sem hingað koma í atvinnuleit bæði þröngan og dýran en sagði að þessir erlendu starfsmenn hefðu sama rétt til húsnæðis eins og Íslendingar sjálfir. Þeir gætu ekkert síður en Íslendingar leigt sér annað húsnæði. Afskipti félagsins af þessum málum ættu að beinast að húsnæðismálunum í heild sinni en ekki einungis gagnvart litlum hluta vandans. Hérlandis væri stór hópur láglaunafólks, t.d. einstæðar mæður, sem ekki hefðu efni á að leigja sér viðeigandi húsnæði.



Ólafur Pétursson flýtur ályktun þar sem mælt er með stækkun álfersins

þessu fellst nemi innan við 50% af eigin fé sjóðsins í árslok 2006.“

## 4. Önnur mál

Ólafur Pétursson bað um orðið og ræddi m.a.



**HÚS**  
ALÞJÓÐAHÚS

Intercultural Center  
ศูนย์รวมวัฒนธรรมนานาชาติ  
Интернациональный Культурный Центр  
Centrum Międzynarodowe  
مركز الثقافات العالمية  
Centro Intercultural



Frá fyrstu tíð hefur verið góð stjórn á fjármálum Hlífar og á það við um sjúkrasjóðinn, jafnt og aðra sjóði félagsins. Myndin er af húsi félagsins á Flatahrauni

## Athugun Bjarna Þórðarsonar, tryggingastærðfræðings á fjárhagsstöðu Sjúkrasjóðs Hlífar í árslok 2006

### Inngangur

Samkvæmt grein 6.2 í reglugerð sjóðsins skal stjórn hans „fá tryggingafræðing eða löggiltan endurskoðanda til að meta framtíðarstöðu sjóðsins og semja skýrslu til stórnar sjóðsins um athugun sína.“ Ýmsir styrktar- og sjúkrasjóðir hafa að geyma slík ákvæði en líklega eru fá dæmi um slíkar athuganir og ekki hefur skapast hefð um innihald þeirra eða form. Það er ljóst að þörf einstaklinga fyrir bætur úr styrktarsjóðnum fer vaxandi með hækkandi aldri að öðru jöfnu. Skuldbinding sjóðsins gagnvart hinum yngri mönnum í sjóðnum felst þá væntanlega í því að þeim verði tryggðar sambærilegar bætur og nú er verið að greiða sjóðsfélög-

unum. Þetta þýðir að sjóðurinn byggir á sjóðsöfnun þannig að reikna þarf á hverjum tíma út núvirði, annars vegar þeirra iðgjalda og hins vegar þeirra bóta sem vænta má að sjóðurinn þurfi að greiða hlutaðeigandi í framtíðinni.

### Upplýsingar úr ársreikningi fyrir árið 2006

Rekstrartekjur nema tæpum 50,2 millj. kr. Bókfærð iðgjöld eru 48,2 millj. en fjármagnstekjur 2,0 millj. kr. Rekstrargjöldin nema 40,9 millj. og þar af eru 30,4 millj. kr. bætur til sjóðsfélaga eða um 74% af gjöldunum. Rekstraafkoman nemur 9,3 millj. Bætur nema því um 60%, kostnaður um 21% og rekstrarafkoma 19% af tekjum sjóðsins. Þessar fjárhæðir eru settar fram

með öðrum hætti hér en í ársreikningi. Hér eru gjöld vegna fasteigna og afskriftir dregnar frá húsaleigutekjum og mismunurinn færður með vöxtum sem fjármagnstekjur. Fasteignir sjóðsins eru að rýrna að bókfærðu verði sem nemur afskriftum og ljóst er að raunverðmæti fasteignanna er verulega hærra en hið bókfærða verð þeirra. Eigið fé sjóðsins nemur 179,2 millj. kr. eða nærri sexföldum bótagreiðslum ársins.

Bótagreiðslur sjóðsins á árinu 2006 nema 63% af iðgjöldunum. Þetta hlutfall hefur hækkað lítillega en það nam 62% árið 2005 og 59% árið 2004. Langstærstur hluti bótanna eru greiðslur sjúkradagpeninga eða 84%, en útfararstyrkur er

um 5% og sjúkraþjálfun 4%. Bótagreiðslur fara vaxandi með hækkandi aldri.

### Niðurstaða

Eins og áður sagði verður að ætla að tilgangur reglugerðarinnar sé sá að tryggja núverandi sjóðsfélögum sambærileg réttindi með áframhaldandi greiðslum iðgjalda til sjóðsins. Því verður að leggja nokkra fjárhæð til hliðar til að mæta þeirri skuldbindingu sem felst í þessu og leiðir af því að útgjöld fara vaxandi með hækkandi aldri. Það er mitt mat að eigið fé sjóðsins standi mjög vel undir þeirri skuldbindingu eða nánar tiltekið að sú skuldbinding sem í þessu felst nemi innan við 50% af eigin fé sjóðsins í árslok 2006.



# Stjórn Hlífar 2006 - 2007

## Stjórn:

Formaður: Kolbeinn Gunnarsson

## Varaformaður:

Linda Baldursdóttir

## Ritari:

Sigurður T. Sigurðsson

## Meðstjórnendur:

Ragnar Árnason  
Sigríður Þorleifsdóttir  
Guðbjörg Skúladóttir  
Björn Sverrisson

## Varastjórn:

Haldóra M. Árnadóttir  
Ingibjörg Harðardóttir  
Reynir Albertsson  
Ólafur Pétursson  
Erla Óskarsdóttir

## Skoðunarmenn

### reikninga:

Anna Brandsdóttir  
Ólafur Pétursson

### Varamaður:

Arnprúður Karlsdóttir

## Stjórn Sjúkrasjóðs:

Kolbeinn Gunnarsson  
Linda Baldursdóttir  
Sigurður T. Sigurðsson

## Varamenn:

Ragnar Árnason  
Guðbjörg Skúladóttir  
Ingibjörg Harðardóttir

## Stjórn Orlofssjóðs:

Kolbeinn Gunnarsson  
Linda Baldursdóttir  
Ólafur Pétursson

## Varamenn:

Sigurður T. Sigurðsson  
Haldóra M. Árnadóttir  
Snorri Jóhannesson

## Fræðslunefnd:

Kolbeinn Gunnarsson  
Linda Baldursdóttir  
Lísa C. Harðardóttir

## Varamaður:

Ólafur Pétursson

## Laganefnd:

Sigurður T. Sigurðsson  
Linda Baldursdóttir  
Kolbeinn Gunnarsson

## Varamaður:

Ragnar Árnason

## Uppstillinganefnd:

Guðbjörg Skúladóttir  
Björn Sverrisson  
Haldóra M. Árnadóttir

## Varamaður:

Jakob Björnsson

## Kjörstjórn:

Sigurður T. Sigurðsson  
Reynir Albertsson

## Varamenn:

Soffía Hulda Sverrisdóttir  
Steingrímur Guðmundsson



Gildi - lífeyrissjóður

Sætúni 1  
105 Reykjavík

Sími 515 4700  
Fax 515 4701

[gildi@gildi.is](mailto:gildi@gildi.is)  
[www.gildi.is](http://www.gildi.is)

Gildi var valinn besti lífeyrissjóðurinn á Íslandi  
tvö ár í röð, 2005 og 2006, af tímaritinu IPE.



# Kjarasamningar á almennum markaði lausir um næstu áramót



Kolbeinn Gunnarsson

Í síðustu kjarasamningum á almennum markaði ákváðu Hlíf, Efling og Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur að vinna saman að gerð sameiginlegs kjarasamnings á almennum markaði undir merki Flóabandalagsins. Fyrir nokkrum dögum var samskonar ákvörðun tekin á fundi formanna félaganna eftir að stjórnir þeirra höfðu samþykkt það fyrir sitt leyti.

Á formannafundinum var einnig ákveðið að láta nú í sumar fara fram skoðanakönnun á meðal félagsmanna þessara þriggja félaga. Þar verður kannað hvaða kröfur menn leggja helst áherslu á í komandi samningaviðræðum við atvinnurekendur, en almenni kjarasamningurinn rennur út um næstu áramót. Eins og áður leggja félög innan Flóabandalagsins ríka áherslu á að eiga gott samstarf við Alþýðusamband Íslands og Starfsgreinasambandið um öll sameiginleg mál við kjarasamningsgerð-

ina. Félögin munu taka afstöðu til ýmsra mála á næstu dögum, en samstarf þessara aðila ætti að gera félögunum hæggara um vik að semja um jafnari réttindi fyrir félagsmenn.

Við gerð síðustu kjarasamninga var mesta áherslan lögð á hækkun lægstu launa umfram önnur laun. Þetta hefur skilað sér í því að kaupmáttur hefur verið að aukast hjá okkar fólki á síðustu árum.

Í framhaldi af gerð síðasta kjarasamnings hefur samvinna og samstarf Flóabandalagsfélaganna við önnur félög innan Starfsgreinasambandsins verið nokkuð gott og skilað árangri. M.a. hefur náðst að semja um fast gjald til starfsmenntunarsjóða sem hefur gert það að verkum að félagsmenn okkar sem vinna samkvæmt þessum samningi eru nú komnir með góðan aðgang að starfsmenntun og námskeiðum og njóta styrkjar úr sjóðnum. Félagsmenn þurfa að standa vel saman til að góður árangur náist.

## **Verkalýðsfélagið Hlíf 100 ára**

Á þessu ári eru liðin eitt hundrað ár frá því að Verkalýðsfélagið Hlíf var stofnað og síðan er mikið vatn runnið til sjávar. Ég

vil óska félaginu og félagsmönnum til hamingju með þennan merka áfanga.

Þó að langur tími sé liðinn frá stofnun félagsins og búið að berjast fyrir mörgum málum og ná árangri á sumum sviðum er enn langt í land. Má þar nefna launamál, skattamál, starfsmannamál, starfsmenntunarmál, auk ýmissa annara réttindamála.

Haldið var upp á aldarafmæli Vlf. Hlífur þann 4 febrúar 2007 í íþróttarhúsinu við Strandgötu. Þó nokkrir mættu í veislu en skemmtilegra hefði verið ef fleiri félagsmenn hefðu mætt á þessum merku tímamótum.

Félaginu bærust margar gjafir og heillaóskir frá aðilum úr verkalýðshreyfingunni og ýmsum öðrum sem bera hlýhug til félagsins.

## **Sögusýning**

Sýning á vegum Hlífur og Hafnarfjarðarbæjar er þessa dagana við göngustíginn sjávarmegin við Fjarðargötuna. Þarna er 100 ára saga Hlífur rakin í máli og myndum á 35 þar til gerðum skiltum. Ráðgert er að hún verði út ágústmánuð.

Þá er bók sem inniheldur 100 ára sögu Hlífur væntanleg nú í sumar. Fyrstu 70 árin eru byggð á

söguritun Gils Guðmundssonar og Ólafs Þ. Kristjánssonar. Söguna síðustu 30 árin hefur Hörður Zóphaniásson tekið saman með aðstoð Sigurðar T. Sigurðssonar.

## **Gullmerki félagsins**

Á stjórnarfund 2. mars 2006 ákvað stjórn Hlífur að taka aftur upp þann sið að veita Gullmerki félagsins fyrir vel unnin störf í þágu félagsins eins og var gert á árum áður. Í framhaldi þeirrar ákvörðunar skipaði stjórnin þá Kolbein Gunnarsson, Lindu Baldursdóttur og Ragnar Árnason í heiðursviðurkenningarnefnd, sem gera skyldi tillögur til stjórnar um nöfn þeirra félagsmanna sem til greina kæmu.

Nefndin lagði til að eftirtaldir félagar skyldu sæmdir Gullmerki félagsins:

Guðríður Elíasdóttir, Hörður Sigursteinsson, Kolbeinn Sigurjónsson, Sigurður T. Sigurðsson og Þorbjörg Samúelsd.

Stjórnin samþykkti samhljóma tillögu nefndarinnar og tók fyrrgreint fólk við Gullmerkjunum á 100 ára afmælishátíðinni. Hlíf þakkar þeim vel unnin störf.

Kolbeinn Gunnarsson, Formaður Hlífur

# Þeir skara eld að sinni köku

## Aukinn launamunur

Fyrir nýafstaðnar alþingiskosningar var mikið rætt um laun og hvort launamunur hérlendis hefði aukist. Í þeim umræðum komu fram fullyrðingar þáverandi stjórnarþingmanna og ráðherra að kaup verka-fólks og annara lág-launamanna hefði hækk-að jafnt á við önnur laun í landinu, þrátt fyrir að til væru gögn sem sönn-uðu hið gagnstæða. Sömu aðilar héldu því einnig fram að skattar hafi lækkað á láglauna-fólki jafnt á við þær skattalækkanir sem há-tekjufólkið sannanlega hefur fengið á undan-förnum árum, en þar er um að ræða afnám 7% hátekjuskatts og lækkun tekjuskatts um 4 pró-sentustig.

Til gagns og gamans birtir Hjálmur hér laun ráðherra, þingmanna og ýmissa embættismanna ríkisins. Til viðbótar upp-gefnum mánaðarlaun-um, sem embættis-mennirnir fá, bætast síð-an við svokallaðar ein-ingar. Hér er um tvenns konar einingar eða kaupauka að ræða. Fyrstu sjö embættin í meðfylgjandi upptal-ingu eru með einingar-verð upp á kr. 5.462, en þrjú þau síðustu eru með kr. 5.177.

Lesendur Hjalms geta svo sjálfir dæmt um hvað réttlátt það var af stjórnvöldum að lækka skatta á þeim sem hærri og hæstu tekjurnar hafa en þyngja á sama tíma skattbyrðina á öllum al-



Myndin er frá fundi fyrir framan Alþingishúsið þann 11. desember 2003, þar sem félag innar ASÍ mótmæltu frumvarpi til laga um starfsloka-samning forsætisráðherra og aukin lífeyrisréttindi alþingismanna og ráðherra. Fjöldi Hlífamanna tók þátt í mótmælunum. Þrátt fyrir hörð mótmæli almenn-ings var frumvarpið samþykkt skömmu síðar.

menningi í landinu, þó mest á þeim sem eru með lægstu launin.

## Laun embættis-manna ríkisins

**Forseti Hæstaréttar**  
kr. 744.463, auk 54 ein.  
Samtals kr. 1.039.411

**Hæstaréttardómarar**  
kr. 694.965 auk 45 ein.  
Samtals kr. 940.755

**Ríkissaksóknari**  
kr. 694.965 auk 45 ein.  
Samtals kr. 940.755

**Ríkisendurskoðandi**  
kr. 744.463 auk 35 ein.  
Samtals kr. 935.633

**Dómstjórinn í Reykjav.**  
kr. 605.621, auk 54 ein.  
Samtals kr. 900.569

**Dómstjórar**  
kr. 565.353, auk 45 ein.  
Samtals kr. 811.143

**Héraðsdómarar**  
kr. 546.235, auk 35 ein.  
Samtals kr. 737.405

**Biskup Íslands**  
kr. 636.310 auk 38 ein.  
Samtals kr. 833.036

**Ríkissáttasemjari**  
kr. 611.519 auk 54 ein.  
Samtals kr. 891.077

**Umboðsmaður barna**  
kr. 517.639, auk 23 ein.  
Samtals kr. 636.710

## Þingmenn og ráðherrar

**Forseti Íslands**  
kr. 1.726.525

**Forsætisráðherra**  
kr. 1.029.993

**Aðrir ráðherrar**  
kr. 928.995

**Forseti Alþingis**  
kr. 928.995

**Þingfararkaup alþing-ismanna**  
kr. 517.639.

Ekkert einingaverð bæt-ist við þingfararkaup al-þingismanna, hins vegar fá flestir þeirra alls konar kaupauka og styrki. Þannig fær varaforseti Alþingis, formenn þing-nefnda og þingflokka

15% álag á þingfarar-kaupið. Sama gildir um formenn sérnefnda og varamenn fastanefnda. Þetta hækkar mánaðar-laun viðkomandi um kr. 77.646.

Þá fá varamenn fjárlaga-nefndar og utanríkis-málanefndar 10% á þingfararkaupið, sem þýðir kr. 51.764 hærri mánaðarlaun.

Þessu til viðbótar fá þeir alþingismenn sem eru formenn stjórn mála-flokka, sem hlotið hafa a.m.k. þrjú þingmenn kjörna og eru ekki ráð-herrar 50% álag á þing-fararkaupið. Þetta er við-bót fyrir flokksformenn-ina upp á kr. 258.820 á mánuði (meira en tvöföld laun verkamanns).

Ýmsar aðrar sporslur fá þeir og ekki má gleyma mjög góðum eftirlaunaá-kvæðum, sem eru veru-lega betri en venjulegt launafólk á almennum vinnumarkaði nýtur.

Allt viðhald  
fasteigna

TRÉSMÍÐJAN  
OKKAR EHF.

Reykjavíkurvegi 64,  
Hafnarfirði, s: 8944024



## UMSÓKN OG SAMNINGUR UM SÉREIGNARSPARNAÐ Í SÉREIGNARSJÓÐI GILDIS

Ég undirrituð/aður sækir hér með um aðild að Séreignarsjóði Gildis og óska eftir samningi um séreignarsparnað í samræmi við skilmála á bakhlið umsóknareyðublaðs þessa sem ég sætti mig við að öllu leyti. Með undirritun minni á umsókn þessa og staðfestingu Séreignarsjóðs Gildis telst vera kominn á samningur milli mín sem réttihafa og Séreignarsjóðs Gildis sem vörsluaðila í samræmi við skilmála samningsins.

Umsækjandi (réttihafi):

Nafn	Kennitala
Heimili	Póstnúmer

Ég undirrituð/aður skuldbind mig til að \_\_\_\_\_% af heildarlaunum mínum verði greidd mánaðarlega til Séreignarsjóðs Gildis inn á séreignarreikning minn hjá sjóðnum.

Iðgjald sem nemur að hámarki 4% af iðgjaldastofni er undanþegið tekjuskatti. Skrifu umsækjandi ekki inn neina % í þennan reit er lítið svo á að hann óski eftir því að greiða 4%.

Umsækjanda er heimilt að greiða ákveðna krónutölu mánaðarlega til séreignarsparnaðar í stað ákveðinnar % tölu af heildarlaunum. Ef sú leið er valin skal tilgreina þá upphæð hér \_\_\_\_\_ kr.

Ég óska eftir því að launagreiðandi minn haldi eftir af launum mínum við hverja útborgun og skili til Séreignarsjóðs Gildis í samræmi við ákvæði samnings þessa.

Launagreiðandi:

Nafn	Kennitala
Heimili	Póstnúmer

Ég undirritaður óska eftir því að séreignarsparnaður minn verði ávaxtaður í:

- Framtíðarsýn 1**  
Skuldabréf 65%  
Hlutabréf 35%
- Framtíðarsýn 2**  
Skuldabréf 80%  
Hlutabréf 20%
- Framtíðarsýn 3**  
Bundinn  
innlánsreikningur

Réttihafi getur flutt sparnað sinn milli safna með skriflegri beiðni þar um.

Samningur þessi er gerður samkvæmt heimildum í lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og samkvæmt samþykktum Gildis - lífeyrissjóðs.

Undirskrift umsækjanda

Staður og dagsetning

Undirskrift vottar og kennitala

Staðfesting Séreignarsjóðs Gildis

Staður og dagsetning

Undirskrift vottar og kennitala

Vinsamlega sendu samninginn undirritaðan til Séreignarsjóðs Gildis, Sætúni 1, 105 Reykjavík. Sjóðurinn mun senda þér staðfest ljósrít af samningnum og tilkynna launagreiðanda um hann.

# Þú skalt ekki bíða eftir að gullgæsin verpi

Leggðu heldur fyrir í **séreignarsjóð** og launagreiðandinn  
greiðir **sömu upphæð á móti** í þinn sparnað



Ef þú leggur fyrir **2% af launum þínum** í séreignarsjóð færðu sjálfkrafa jafnhátt  
**mótframlag frá launagreiðanda** þínum.

Hafðu samband í síma 515 4700 til að fá nánari upplýsingar.



Gildi valinn besti lífeyrissjóðurinn á Íslandi  
tvö ár í röð, 2005 og 2006, af tímaritinu IPE

